



[Ingvar Sigurgeirsson](#)

RANNSÓKNARSTOFNUN KENNARAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Mat á starfi Valhúsaskóla skólaárið 1999-2000

Lokaskýrsla - október 2000

(án viðauka og neðanmálstilvísana)

[Ágrip](#) - [Formáli](#) - [Efnisyfirlit](#)

Ágrip

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir meginniðurstöðum mats á starfi Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi. Þegar á heildina er litið er mjög gott starf unnið í skólanum og viðhorf til hans jákvæð. Valhúsaskóli hefur á að skipa mörgum góðum starfsmönnum og árangur kennslu í mörgum námsgreinum er góður. Þá er mikil ánægja með félagsstarf og rekstur mötuneytis. Miðað við aðra skóla er agi og skólabragur í heild með ágætum. Herslumun vantar til að skólinn verði sá fyrirmyndarskóli sem hann þarf að verða. Hraða þarf viðhaldi og endurnýjun skólahúsgagna, búa þarf betur að handmenntakennslu og skapa viðunandi aðstöðu til kennslu í upplýsingamennt. Viðhorf nemenda til náms og skóla eru ekki nógu jákvæð og leita þarf allra leiða til að efla námsáhuga og metnað. Lagt er til að það verði gert í samstarfi við heimilin. Huga þarf að eineltismálum. Efla þarf faglegt starf kennara og auka fjölbreytni í kennsluháttum, þar sem sérstök áhersla er lögð á virka kennsluhætti. Styrkja verður starf umsjónarkennara. Vinna þarf að úrbótum í stjórnun og bæta boðleiðir. Skapa þarf samstöðu um fyrirkomulag sérkennslu og sálfræðipjónustu. Mestu skiptir að starfsliðið, í samstarfi við foreldra og skólafirvöld, fari í saumana á þeim niðurstöðum sem þessi matsrannsókn hefur leitt í ljós og bregðist við þeim með markvissum hætti, t.d. formlegri aðgerðaáætlun.

Formáli

Í þessari skýrslu er lýst niðurstöðum mats á starfi Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi. Verkið er unnið á vegum Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands (RKHÍ) fyrir skólanefnd Seltjarnarness. Umsjón með matinu hafði dr. Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaraháskóla Íslands og er hann aðalhöfundur þessarar skýrslu. Ásamt honum komu eftirtaldir að verkinu af hálfu Rannsóknarstofnunar: dr. Allyson Macdonald forstöðumaður Rannsóknarstofnunar hefur fylgst með verkinu á þessu

skólaári. Anton Bjarnason lektor aðstoðaði við mat á íþróttakennslu við skólann. Árni G. Stefánsson og Brynhildur Briem lektorar við Kennaraháskólann önnuðust hluta vettvangsathugana með skýrsluhöfundi. Árni las einnig handrit að þessari skýrslu. Erla Kristjánsdóttir lektor, Gunnhildur Óskarsdóttir lektor, Sólveig Karvelsdóttir alþjóðafulltrúi og Sigríður Pétursdóttir verkefnisstjóri aðstoðuðu við að leggja spurningalista fyrir nemendur. Kjartan Þór Ingvarsson nemi aðstoðaði við innslátt á gögnum úr spurningalistakönnunum. Guðrún Sóley Guðjónsdóttir og Heiðrún Kristjánsdóttir verkefnisstjórar lásu handrit að spurningalistum. Heiðrún las einnig lokahandrit.

Margrėti Harðardóttur grunnskólafulltrúa á Seltjarnarnesi, sem var tengiliður verkkaupa við verkefnið, er þakkað gott samstarf og margvísleg fyrirgreiðsla.

Skýrsluhöfundur þakkar nemendum og starfsliði Valhúsaskóla gott samstarf. Sérstaklega ber að þakka fulltrúum kennara í kennararáði og stjórnendum skólans. Íslenskukennurum Valhúsaskóla, þeim Helgu Kristínu Gunnarsdóttur, Ólöfu Guðfinnu Siemsen og Þórunni Halldóru Matthíasdóttur, eru færðar þakkir fyrir yfirlestur á áfangaskýrslum. Þá ber að þakka þeim foreldrum sem lögðu af mörkum. Loks ber að þakka fulltrúum í skólanefnd sem áttu frumkvæði að þessu verkefni.

Efnisyfirlit

[Inngangur](#)

[Gagnaöflun](#)

[Helstu niðurstöður](#)

[Viðhorf foreldra til skólans](#)

[Viðhorf nemenda til skólans](#)

[Viðhorf starfsliðs til skólans](#)

[Samstarf, samskipti og starfsandi](#)

[Kennslan](#)

[Skólanámskrá](#)

[Námsmat](#)

[Sérkennsla, námsráðgjöf, sálfræðiþjónusta og önnur sérfræðiþjónusta](#)

[Agi og skólabragur](#)

[Hlutverk umsjónarkennara](#)

[Samstarf heimila og skóla](#)

[Aðstaða](#)

[Stjórnun](#)

[Skrifstofa](#)

[Gangavarsla og húsvarsla](#)

[Mötuneyti](#)

[Félagsstarf nemenda](#)

[Stuðningur sveitarfélagsins](#)

[Samstarf skólanna á Seltjarnarnesi](#)

[Ýmis mál](#)

[Sterkar hliðar í starfi Valhúsaskóla](#)
[Atriði sem þarfnast athugunar og tillögur til úrbóta](#)
[Umræða](#)

Inngangur

Valhúsaskóli á Seltjarnarnesi er unglingaskóli fyrir nemendur í 8.-10. bekk. Skólinn tók til starfa 1974 og er því að ljúka 26. starfsári sínu. Skólastjóri er Sigfús Grétarsson og aðstoðarskólastjóri Gísli Ellerup. Þegar gagnaöflun fór fram voru í skólanum 202 nemendur í níu bekkjardeildum. Í 10. bekk er nemendum skipt eftir áhuga og getu í þeim námsgreinum sem eru til samræmds prófs.

Við skólann starfa 20 kennarar í 16,83 stöðugildum, námsráðgjafi í hálfu starfi, sálfræðingur í hlutastarfi og ritari í 90% starfi. Húsvörður er við skólann í fullu starfi. Gangaverðir eru sex í 4,125 stöðugildum en þeir sjá einnig um ræstingar. Þá ber að nefna matráðskonur í mötuneytum kennara og nemenda, hjúkrunarfræðing og skólalækni.

Undirbúningur þessa verkefnis hófst vorið 1999 en upphaflega var ráðgert að matið tæki til beggja grunnskólanna á Seltjarnarnesi, en af því varð ekki þar sem hluti starfsliðs Mýrarhúsaskóla gat ekki sætt sig við að Rannsóknarstofnun Kennaraháskólans annaðist verkið.

Verksamningur var gerður 27. ágúst 1999. Í honum var markmiðum verkefnisins lýst svo:

- að afla upplýsinga sem nota má til að greina sterkar og veikar hliðar skólastarfsins,
- að kanna viðhorf starfsliðs, nemenda og foreldra til helstu þátta í skólastarfinu,
- að veita upplýsingar sem nýta má til að bera skólastarfið og viðhorf til þess saman við starf og viðhorf í öðrum skólum sem RKHÍ hefur metið,
- að meta frammistöðu stjórnenda skólans og skólaskrifstofu, l
- að leggja heildarmat á skólastarfið,
- að afla gagna er nýta má sem grunn að þróunar- eða umbótaáætlunum fyrir skólastarfið.

Í verksamningi var tekið fram að:

Um einstök atriði skal vísað til gátlista um mat á skólastarfi sem fulltrúar verkkaupa hafa yfirfarið og telst hluti af samningi þessum. Hann tekur til heildarmats á frammistöðu kennara, skólanámskrár, aga og umgengni, aðstöðu, námsárangurs, samskipta og stjórnunar, samvinnu við foreldra og foreldrastarfs, sérkennslu, markmiða og áherslna í skólastarfinu, auk athugunar á viðhorfum til skólans.

Ekki er gert ráð fyrir mati á kennslu í einstökum greinum. Mat á sérkennslu nær til meginþátta, en ekki til framkvæmda eða árangurs í einstökum atriðum.

Verkefnið hófst haustið 1999 með vettvangsathugunum og í kjölfar þeirra voru spurningalistar lagðir fyrir foreldra, nemendur og starfslið. Áfangaskýrslur voru gefnar út um þessar kannanir og voru niðurstöður tveggja þeirra kynntar á fundum með kennurum og skólanefnd. Á útmánuðum 2000 voru viðtöl tekin við starfslið, stjórnendur, fulltrúa nemenda og foreldra og fulltrúa í skólanefnd.

Tafir urðu á verkinu þegar Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands tók að sér að draga saman gögn til að meta hvernig unnt væri að bregðast við fjölgun nemenda á Seltjarnarnesi. Þá dróst nokkuð, vegna aðstæðna í Valhúsaskóla, að leggja spurningalista fyrir nemendur. Skýrsluhöfundur telur að þessi dráttur hafi með engu móti skaðað verkið, heldur miklu fremur styrkt það, þar sem betra tóm hefur gefist til að fara yfir niðurstöður og draga af þeim ályktanir.

Þessi matsskýrsla er sett fram með þeim hætti að fyrst er gerð grein fyrir gagnaöflun. Þá er lýst helstu niðurstöðum og er fyrst vikið að viðhorfum foreldra, nemenda og starfsliðs. Þá eru kaflar um samstarf, samskipti og starfsanda, kennslu, skólanámskrá, námsmat, sérkennslu, námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og aðra sérfræðiþjónustu, aga og skólabrag, hlutverk umsjónarkennara, samstarf heimila og skóla, aðstöðu, stjórnun, skrifstofu, gangavörslu og húsvörslu, mötuneyti, félagsstarf nemenda, stuðning sveitarfélagsins og samstarf skólanna á Seltjarnarnesi. Þá er stuttur kafli um ýmis mál. Næst eru dregin út þau atriði sem telja má styrkleika í starfinu og síðan vikið að þeim atriðum sem mælt er með að tekin séu til athugunar. Loks eru þessar niðurstöður ræddar og nánari tillögur gerðar um nokkur atriði. Spurningalistar og samantektir úr áfangaskýrslum eru í viðauka.

Gagnaöflun

Gagna í tengslum við þetta verkefni var aflað með svofelldum hætti:

Spurningalistakannanir

Gerðar voru þrjár viðhorfakannanir með nafnlausum spurningalistum. Spurningalisti var sendir til foreldra í desember 1999 og urðu heimtur 84,7% sem eru í lægri mörkum miðað við það sem náðst hefur annars staðar í sambærilegum könnunum.

Nafnlaus könnun var lögð fyrir nemendur 9. janúar 2000 og fengust svör frá 95% hópsins. Könnunin var lögð fyrir af starfsmönnum Rannsóknarstofnunar Kennaraháskólans að kennurum fjarstöddum.

Könnun var lögð fyrir starfslið skólans í mars 2000. Alls svöruðu 30 starfsmenn, eða 93,8%. Svör bárust frá 18 kennurum og 12 öðrum starfsmönnum. Tekið skal fram að skólastjórar tóku ekki þátt í könnuninni.

Spurningalistar voru samdir í samráði við starfslið og stjórnendur skólans og einnig voru drög að listunum borin undir grunnskólafulltrúa. Áfangaskýrslur voru gefnar út um niðurstöður þessara kannana og voru drög að þeim borin undir stjórnendur, kennararáð og loks allt starfsfólk áður en þær voru birtar. Grunnskólafulltrúi las einnig drög að áfangaskýrslum. Drög að lokaskýrslu lásu skólastjórar, fulltrúar í kennararáði og grunnskólafulltrúi.

Viðtöl

Opin viðtöl voru tekin við allt starfsfólk skólans, ýmist hóp- eða einstaklingsviðtöl. Þá voru tekin hópviðtöl við fulltrúa nemenda í hverjum árgangi og komu sex nemendur í 8. og 9. bekk í hvert viðtal, tveir úr hverri bekkjardeild, drengur og stúlka. Í 10. bekk var rætt við hóp þar sem tveir nemendur komu úr hraðferð (nemendum er skipt í námshópa eftir getu og áhuga), tveir úr miðferð og einn úr hægferð. Einnig voru viðtöl tekin við grunnskólafulltrúa, skólanefnd (hópviðtal) og fulltrúa foreldra í foreldraráði og stjórn foreldrafélags. Í upphafi hvers viðtals var áréttað að um trúnaðarsamtöl væri að ræða. Viðtölin voru tekin upp á segulband en verða eyðilögð að verkefni loknu.

Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir fóru einkum fram á haustmisseri. Fylgst var með kennslu í skólanum, alls í 33 kennslustundir. Litið var við í nokkrum kennslustundum til viðbótar. Vettvangsathuganirnar voru gerðar af nokkrum kennurum Kennaraháskólans. Þá var í nokkur skipti fylgst með skólabyrjun, frímínútum og hádegishléum. Einnig var fylgst með kynningarfundi fyrir foreldra.

Fundir

Umsjónarmaður verkefnisins hélt tvo fundi með kennurum þar sem niðurstöður áfangaskýrslna voru kynntar og ræddar. Þá voru haldnir nokkrir fundir með skólastjórnendum og kennararáðsfulltrúum þar sem farið var yfir skýrslur eða starfstilhögun. Niðurstöðum þessara funda var haldið til haga, sem og ýmsum minnispunktum frá þeim.

Gagnagreining


Farið var yfir ýmis gögn frá skólanum, m.a. stundatöflur, skýrslur um átaks- og þróunarverkefni og skólanámskrá. Þá voru niðurstöður samræmdra prófa athugaðar sérstaklega.

Helstu niðurstöður

Viðhorf foreldra til skólans

Foreldrar voru í spurningalista beðnir að svara spurningunni: Hvernig lýsir þú viðhorfi þínu til skólans?

Svör foreldra við spurningunni: Hvernig lýsir þú viðhorfi þínu til skólans? Fjöldi svara=170. Svör í %



Eins og sjá má af myndinni eru þetta jákvæðar niðurstöður. 87,6% foreldra lýsa nokkuð eða mjög jákvæðum viðhorfum til skólans. Þó verður að benda á að þessi niðurstaða er aðeins í meðallagi miðað við þær niðurstöður sem fengist hafa í samsvarandi könnunum í öðrum skólum. Ekki liggur skýrt fyrir hvað veldur því að ekki er enn meiri ánægja með skólann, en í svörum foreldra við spurningalista eru vísbendingar um að einkum kunni að ráða nokkur óánægja með aðstöðu og kennslu í nokkrum námsgreinum. Einnig má nefna áhyggjur margra foreldra af aga. Þá lýsa nokkrir foreldrar því viðhorfi að nokkuð skorti á að kennsla í skólanum sé nægilega fjölbreytt og lifandi.

Foreldrar voru í spurningalista spurðir hvort þeir gætu mælt með Valhúsaskóla við aðra foreldra og töldu 26,3% að þeir gætu það mjög sterklega, 52,1% ágætlega, 14,4% tóku ekki afstöðu, 5,4% kváðust treysta sér til þess að nokkru leyti en 1,8% alls ekki.


Foreldrar voru einnig spurðir um álit sitt á Valhúsaskóla í samanburði við aðra skóla þar sem barn þess hefði verið og svöruðu 29,3% því til að Valhúsaskóli væri betri, 65% sögðu hann svipaðan og 5,7% að hann væri verri. Þá voru foreldrar beðnir að meta hvernig miðað hefði í skólastarfinu á undanförunum árum og töldu 5,4% að um mikla framför væri að ræða, 57,1% töldu framfarir nokkrar, 30,6% töldu starfið hafa staðið í stað, 6,1% að því hefði farið aftur og 0,7% að því hefði farið mikið aftur.

Nánar verður vikið að viðhorfum foreldra til ýmissa þátta skólastarfsins í köflunum hér á eftir.

Viðhorf nemenda til skólans

Nemendur voru í spurningalista spurðir hvort þeir teldu skólann góðan eða slæman.

Svör nemenda við spurningunni: Finnst þér skólinn þinn góður eða slæmur? Fjöldi svara=190. Svör í %



Eins og sjá má af myndinni lýsa tæp 65% nemenda jákvæðum viðhorfum til skólans. Þegar þessi viðhorf eru borin saman við viðhorf nemenda í öðrum skólum teljast þau í meðallagi.

Þegar þessi viðhorf eru skoðuð eftir aldri kemur talsverður munur í ljós og eru yngstu nemendurnir jákvæðastir.

Svör nemenda við spurningunni: Finnst þér skólinn þinn góður eða slæmur? Munur eftir aldri. Fjöldi svara=190.

	Mjög góður	Nokkuð góður	Sæmilegur	Slæmur	Mjög slæmur	Samtals:
8	29,69%	35,94%	32,81%	1,56%	0%	100%
9	3,39%	55,93%	33,9%	5,08%	1,69%	100%
10	8,96%	59,7%	26,87%	0%	4,48%	100%
Samtals:	14,21%	50,53%	31,05%	2,11%	2,11%	100%

Mikill munur er á viðhorfum nemenda eftir kynjum og gefa stúlkur skólanum mun hærri einkunn en drengir. Tekið skal fram að svipaður munur hefur komið fram í könnunum sem Rannsóknarstofnun hefur gert í öðrum skólum.


Svör nemenda við spurningunni: Finnst þér skólinn þinn góður eða slæmur? Munur eftir kyni. Fjöldi svara=187 (99 drengir og 88 stúlkur).

	Mjög góður	Nokkuð góður	Sæmilegur	Slæmur	Mjög slæmur	Samtals:
Drengur	11,11%	45,45%	35,35%	4,04%	4,04%	100%
Stúlka	18,18%	57,95%	23,86%	0%	0%	100%
Samtals:	14,44%	51,34%	29,95%	2,14%	2,14%	100%

Athygli vekur að engin stúlka telur skólann slæman.

Nemendur voru í spurningalista spurðir hvort þeim þætti vænt um skólann og má sjá svörin á næstu mynd.

Afstaða nemenda til staðhæfingarinnar: Þér þykir vænt um skólann þinn. Fjöldi svara=188. Svör í %




32,4% nemenda er staðhæfingunni sammála, 25% nemenda er henni ósammála en 42,6% er óviss.

Tvennt vekur sérstaka athygli þegar farið er í saumana á svörum nemenda um það hvort þeim þyki vænt um skólann. Annað er það að nemendur í 10. bekk, hraðferð, eru mjög jákvæðir en í þeim hópi kannast 47,1% við að þykja vænt um skólann. Hitt er að stúlkur eru mun jákvæðari en drengir. 42,5% stúlkna eru sammála þessari fullyrðingu en aðeins 24,5% drengja. Þessi munur er sláandi en engu að síður sambærilegur því sem komið hefur í ljós í öðrum skólum. Raunar kemur munur á viðhorfum drengja og stúlkna fram í svörum við flestum spurningum og eru stúlkurnar í öllum tilvikum mun jákvæðari.

Nemendur voru í spurningalista beðnir um að bera Valhúsaskóla saman við aðra skóla sem þeir hefðu verið í.

Samanburður nemenda á Valhúsaskóla og öðrum skólum sem þeir höfðu verið í. Fjöldi svara: 167. Svör í %



Eins og sjá má af myndinni telja 57,5% að Valhúsaskóli sé betri en þeir skólar aðrir sem þeir hafa sótt en 16,2% að hann sé verri. Nemendur í 8. bekk gefa Valhúsaskóla hæstu einkunnina.

Þegar rýnt er í svör nemenda við ýmsum spurningum í spurningalista og viðtölum kemur í ljós að ánægja þeirra með skólann snertir einkum þætti eins og mótuneyti, félagsskap og félagslíf, en óánægjan beinist að aðstöðu og umhverfi annars vegar og kennslu hins vegar. Nokkurs námsleiða gætir í skólanum eins og síðar verður vikið að.


Í viðtölum áréttuðu nemendur jákvæð viðhorf sín til þess félagslífs sem skipulagt er fyrir þá. Í viðtölum við 10. bekkina kom fram að hápunktur félagsstarfsins væri skemmtun 1. desember. Þessi fagnaður væri sérlega vel skipulagður og hátíðlegur. Flutt væri frumsamið efni og bæði kennarar og foreldrar tækju þátt.

Aðspurðir um líðan sína í skólanum töldu 31,6% nemenda að sér liði afar vel, 45,3% nokkuð vel, 18,9% sæmilega, 3,2% illa og 1,1% mjög illa. Svör um kvíða í skóla voru svipuð, 36,2% kváðust aldrei kvíðin, 43,8% sjaldan, 16,8% sögðust ekki vita svar við þessu, 2,2% sögðust oft vera kvíðin og 1,1% mjög oft. Þessum svörum svipar til niðurstaðna úr sambærilegum könnunum annars staðar.

Viðhorf starfslíðs til skólans

Í spurningalista lýstu allir starfsmenn skólans jákvæðum viðhorfum til skólans.

Svör starfsmanna við spurningunni Hvernig lýsir þú viðhorfi þínu til Valhúsaskóla? Fjöldi svara: 30. Svör í %.



Aðspurðir um mat sitt á heildarnámsárangri skólans töldu 18 (67%) starfsmenn af 27 sem svöruðu hann góðan, en 9 (33%) töldu hann í meðallagi. Enginn taldi hann slakan. 22 (85%) starfsmanna töldu skólann standa vel í samanburði við aðra skóla. Allir starfsmenn skólans, sem svöruðu spurningu þar að lútandi, töldu að skólinn væri í nokkuð góðu eða góðu álitu. Svipuð viðhorf komu einnig fram í viðtölum þar sem flestir viðmælendur lýstu skólanum sem góðum skóla.

Þegar starfsliðið var spurt hvernig skólastarfið hefði þróast á undanförunum árum taldi 1 (4%) af 25 sem svöruðu að framfarir hefðu orðið mjög miklar, 12 (48%) töldu að orðið hefðu talsverðar framfarir, 10 (40%) töldu að skólinn hefði staðið í stað og 2 (8%) töldu að starfinu hefði heldur farið aftur.

Samstarf, samskipti og starfsandi

Í könnun meðal starfsfólks sem 30 svöruðu kom fram að 26 (87%) starfsmanna töldu andrúmsloftið á vinnustaðnum jákvætt en 4 (13%) töldu það hvorki neikvætt né jákvætt. Allir starfsmenn lýstu sig sátta við skólann sem vinnustað. Spurt var um líðan í vinnunni og gáfu 27 (90%) af 30 starfsmönnum jákvæð svör, 3 (10%) sögðu sér líða sæmilega. Enginn valdi svarliðina illa eða mjög illa. Einn starfsmaður (3%) af 30 sem svöruðu taldi sig finna mjög mikið fyrir streitu í starfi, 13 (43%) töldu sig finna nokkuð til streitu, 12 (40%) sögðust lítið finna fyrir streitu og 4 (13%) ekkert.

Starfsliðið taldi samskipti kennara og nemenda góð og sömu svör fengust þegar spurt var um samskipti kennara og annarra starfsmanna. 24 (92%) töldu samskipti kennara innbyrðis góð en 2 (8%) töldu þau fremur slæm.

Í spurningalista var spurt hvernig starfsandinn væri að þróast og töldu 10 (35%) af þeim 29 sem svöruðu að hann væri að batna, 18 (62%) töldu hann svipaðan og hann hefði verið en 1 (3%) að hann væri að versna. Í viðtölum lýstu nokkrir starfsmenn þeirri skoðun sinni að hvers konar neikvæðni ("tuð") hefði aukist.

Í viðtölum og svörum í spurningalista lögðu nokkrir starfsmenn áherslu á samkennd meðal starfsliðsins, einkum innan kennarahópsins. Sem dæmi má nefna að þegar spurt var í spurningalista um sterkustu hliðar í starfi skólans nefndu margir sterkan, vel menntaðan og samheldinn kennarahóp.

Samheldinn kennarahópur, samvinna innan greina, vandamál rædd, innbyrðis stuðningur ... (Athugasemd í spurningalista).

Ekki deildu allir þessari skoðun og má segja að tvenns konar viðhorf hafi komið fram um samstöðu innan kennarahópsins. Annar hópurinn lagði áherslu á að kennarahópurinn hefði verið mjög samstilltur og að góður andi væri á kennarastofunni og samhugur. Samskipti innan skólans einkenndust af hreinskiptni og að auðvelt væri að ræða t.d. um það sem illa gengi ("... við getum blásið út á kennarastofunni..."). Hinn hópurinn, sem var í minnihluta, taldi að líta mætti á kennarahópinn sem tvískiptan, ("klofinn", "ákveðin hópamyndun í gangi") og væri annar hópurinn ráðandi og héldi hinum niðri.

... hópurinn hér er eiginlega tveir aðskildir hópar sem mætast aldrei ... (Úr viðtali).

Í viðtölum nefndu nokkrir viðmælendur að nokkuð skorti á að starfsandinn væri eins léttur og æskilegt væri - í hópinn vantaði fólk sem ætti auðvelt með að slá á léttu strengi.

... góður mannskapur, en samt dálítið þungt ... það vantar meiri gleði ... (Úr viðtali).

Flestir voru þeirrar skoðunar að vel væri tekið á mótí nýju starfsfólki og að þægilegt væri að koma þar til starfa. Allir legðust á eitt um að greiða götu nýliða.

Á síðasta skólaári áttu kennarar í launadeilum við sveitarfélagið og virtist ekki hafa gróið um heilt. Sem dæmi um afleiðingar deilunnar má nefna það viðhorf sem stundum er kallað að "vera á klukkunni". Mörgum starfsmönnum þótti þetta miður eins og sjá má af eftirfarandi viðhorfum sem fram komu í viðtölum:

Ég þoli voðalega illa ... hvað heitir það ... alltaf verið að tala um það ... mér finnst þetta drepa niður ... hvað fáum við borgað fyrir þetta? ... (Úr viðtali).

Mér finnst að það þurfi að taka fólk hér í ákveðna meðferð svo það geti jafnað sig á þessu og slegið striki yfir þetta ... hætta að hugsa um þetta og reyna að fara að hafa gaman af að vera í vinnunni sinni. (Úr viðtali).

... það er alltaf verið að telja mínútur ... þetta er ömurlegt ... (Úr viðtali).

Nokkrir starfsmenn nefndu í viðtölum og svörum í spurningalista að starf skólans einkenndist um of af streitu og spennu.

Daglegt skólastarf er keyrt áfram af of miklum hraða. (Athugasemd í spurningalista).

Þessar þriggja mínútna frímínútur eru engin hvíld ... enda eru þau bara hlaupandi frammi og reyna að komast í skápinn sinn og þau mæta fyrir vikið iðulega of seint ... (Úr viðtali).

Margir starfsmenn lýstu sig mótfallna þessum stuttu frímínútum.

Kennslan

Aðspurðir um heildarmat sitt á kennslunni í Valhúsaskóla svöruðu 4 (20%) starfsmenn af 20 því til að hún væri í heild mjög góð, 12 (60%) töldu hana yfirleitt í góðu lagi en 4 (20%) að hún væri í meðallagi. Enginn valdi svarliðina í mörgu áfátt eða stórlega ábótavant. Þessi viðhorf voru áréttuð í viðtölum og voru nefnd dæmi um brautskráða nemendur sem hefðu síðar komið að máli við kennara og nefnt að þeir teldu að þeir hefðu fengið sérstaklega góðan undirbúning fyrir framhaldsskólanám í Valhúsaskóla.

Skoðun starfsfólks var yfirleitt sú að skólinn hefði á að skipa mjög faglega sterku starfsfólki. Í heild fengu kennarar mjög jákvæða umsögn allra þeirra sem við var rætt.


Foreldrar voru í spurningalista beðnir um álit á kennslunni og töldu 75,6% hana í heild eða yfirleitt góða, 21,3% töldu hana í meðallagi og 3% töldu henni í mörgu áfátt.

Í spurningalista fyrir starfsfólk var spurt um faglegan áhuga kennara og töldu 3 (15%) af 20 sem svöruðu hann mjög mikinn, 12 (60%) töldu hann mikinn og 5 (25%) völdu svarliðinn nokkur áhugi. Enginn taldi áhugann lítinn.

Kennarar voru spurðir um það í spurningalista hvort þeir teldu að þeir næðu árangri í kennslunni. Einn (6%) af þeim 17 sem svöruðu taldi sig ná mjög góðum árangri, 15 (88%) töldu sig ná nokkuð góðum árangri en 1 (6%) taldi árangur sinn slakan.

Nemendur skólans hafa á undanförunum árum náð ágætum árangri á samræmdum prófum í 10. bekk. Mynd sýnir meðaleinkunnir samræmdra prófa árin 1993-1999.

Meðaleinkunnir nemenda í Valhúsaskóla á samræmdum prófum í 10. bekk 1993-1999, normaldreifðar einkunnir (meðaleinkunn fyrir landið allt=5,0)



Eins og sjá má af myndinni hefur árangur í íslensku verið sérstaklega góður öll árin en í öðrum greinum eru meiri sveiflur.

Þær vettvangsathuganir sem gerðar voru í tengslum við þetta matsverkefni náðu til um 40 kennslustunda. Alls var fylgst með 33 heilum kennslustundum, auk þess sem lítið var við stutta stund í sjö kennslustundir til viðbótar (sjá mynd á næstu blaðsíðu).

Eins og sjá má ná vettvangsathuganir til flestra námsgreina. Alls var fylgst með 14 kennurum skólans að störfum. Áriðandi er að taka skýrt fram að enda þótt fylgst hafi verið með vel á fjórða tug kennslustunda er langur vegur frá því að þær vettvangsathuganir dugi til að draga ályktanir um gæði kennslunnar í skólanum. Þær gefa aðeins vísbendingar.

Yfirlit um þær kennslustundir sem fylgst var með. Skipting eftir námsgreinum og árgöngum.


	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Samtals
Eðlisfræði		1		1
Danska	2		1	3
Enska	1			1
Heimilisfr.	6			6
Íslenska		3	2	5
Landfr.		1		1
Líffræði		1		1
Myndmennt	4			4
Ritvinnsla	1			1
Saga	1			1
Saumar		2		2
Smíðar		2		2
Stærðfr.	1	3	1	5
Samtals	16	13	4	33

Góður bragur var í flestum kennslustundanna sem fylgst var með. Aðeins í einu tilviki hafði kennari ekki fulla stjórn á hópnum. Kennsla var í öllum tilvikum með hefðbundnu sniði, farið var yfir námsefni, verkefni leyst, námsefni rifjað upp og heimaverkefni sett fyrir. Flestir kennarar höfðu ágætt vald á því efni sem fjallað var um. Áhugi nemenda á viðfangsefnum virtist yfirleitt ekki mikill en frá því voru nokkrar undantekningar. Samskipti kennara og nemenda virtust yfirleitt óþvinguð, en ljóst var að í nokkrum tilvikum truflaði nærvera athuganda kennsluna. Yfirleitt var góður bragur í verkgreinatímum, andrúmsloft frjálst, nemendur fengust við viðfangsefni sín og spjölluðu saman.

Notkun kennslutækja var lítil í þeim 33 kennslustundum sem fylgst var með. Myndvarpi var notaður í þremur af kennslustundunum og hljómflutningstæki voru notuð þrisvar í tungumálakennslu.

Í spurningalista voru kennarar beðnir um að gera grein fyrir því að hvaða marki þeir notuðu nokkrar kennsluáðferðir, verkefni og kennslutæki í kennslu.

Svör kennara við spurningunni Hversu mikið notar þú eftirfarandi áðferðir / verkefni / kennslutæki í kennslu? Fjöldi svara: 14-16



Eins og sjá má af myndinni eru algengustu kennsluáðferðirnar bein kennsla, skrifleg verkefni, vinnubókarvinna og áferð sem stundum er kölluð lesið, spurt og spjallað. Myndin sýnir einnig að kvikmyndir eru talsvert notaðar af nokkrum kennurum og rúmur helmingur þeirra kennara sem svara nota myndvarpa í kennslu.

Þessar niðurstöður benda til þess að vettvangsathuganir gefi ágæta mynd af kennsluháttum. Sérstaklega skal bent á að þær kennsluáðferðir sem gera hvað mestar kröfur um virkni og þátttöku nemenda eru lítið notaðar.

... Skólastarfið er of fastmótað í sama farinu - meiri sveigjanleiki og vilji til breytinga og þróunarstarfs væri æskilegur. (Athugasemd í spurningalista).

Þá er eftirtektarvert hve lítið er farið að beita tölvu- og upplýsingatækni við kennslu námsgreina. Tölvukennslan er mikið bundin við að kenna á algeng notendaforrit, einkum ritvinnsluforrit.

Í viðtölum við kennara þar sem vikið var að kennsluáðferðum kom oft fram óánægja með skort á metnaði af hálfu nemenda, sem skýrði að nokkru mikla áherslu á hefðbundin verkefni, svo sem skriflegar æfingar og eyðufyllingar. Nemendur væru áhugalitlir um námið og að erfitt væri að vekja áhuga þeirra. Sumir töldu að nemendur

væru vanir of mikilli mötun. Þetta kann vissulega að vera á rökum reist, en í ljósi þeirra kennsluhátta sem ríkjandi eru í skólanum er einnig eðlilegt að kennarar líti í eigin barm og velti fyrir sér hvort ástæða kunni að vera til að endurskoða kennsluaðferðir, t.d. að beita oftari aðferðum sem reyna meira á virka þátttöku nemenda. Raunar bentu margir kennarar á þetta í viðtölum.

... ég er oft að hugsa um hvort kennarar gætu ekki haft meiri samvinnu um verkefni ... gera eitthvað sem er spennandi ... rannsókn ... þemaviku ... það eru alltaf þessar 40 mínútur ... kannski ekkert skemmtilegt ... (Úr viðtali).

... það þarf að hleypha þessu meira í sjálfstæð vinnubrögð ... (Úr viðtali).

... Auka fjölbreytni í kennslu, nemendur eru alltof uppteknir af skriflegum samræmduprófsverkefnum og eiga mörg erfitt með að skilja að öðruvísi vinna er líka nám. (Athugasemd í spurningalista).

Nemendur viku einnig að þessu í viðtölum og þótti þeim kennslan í bóknámsgreinunum tilbreytingarlítill.

Athygli vekur í þessu sambandi að þegar nemendur voru í spurningalista spurðir hvort þeim þætti námsefnið leiðinlegt eða skemmtilegt fannst engum nemanda það mjög skemmtilegt, 14,7% töldu það nokkuð skemmtilegt, 54,2% sæmilegt, 25,8% leiðinlegt og 5,3% mjög leiðinlegt. Nemendur voru jafnframt spurðir hvort þeim þætti kennslan fábreytt eða fjölbreytt. 5% þótti hún mjög fjölbreytt, 33,7% nemenda þótti hún nokkuð fjölbreytt, 44,2% þótti hún hvorki fjölbreytt né fábreytt, 18,2 nokkuð fábreytt og 3,9% mjög fábreytt.

Þá skal einnig bent á að nokkrir foreldrar létu í ljós þá skoðun í svörum við spurningalista að æskilegt væri að kennarar beittu fjölbreyttari aðferðum (sjá áfangaskýrslu). Þeir nefndu m.a. notkun kennsluforrita, framsögn og tjáningu, þjálfun í mannlegum samskiptum, safnferðir, vettvangsferðir, tilraunir, verklegar æfingar, heimsóknir í fyrirtæki, námsferðir, rannsóknir, leiðangra, viðfangsefni sem reyna á hugsun, hópefli, heimspeki, námstækni og gestafyrirlestra.

Kennarar voru í spurningalista beðnir að gera grein fyrir þátttöku sinni í þróunar- og nýbreytnistarfi við skólann. 16 kennarar svöruðu spurningunni og kváðust 9 (56%) hafa tekið þátt í slíku starfi en 7 (44%) ekki.

Íslenskukennarar skólans hafa unnið áhugaverð ritunarverkefni og fengu til þess styrk frá Seltjarnarnesbæ. Sem dæmi um önnur þróunarverkefni má nefna mótun framtíðarsýnar í upplýsingatækni og stærðfræði og tilraunakennslu í ensku.

Í spurningalista fyrir starfslið var beðið um að tilgreina dæmi um góða kennslu og nefndu flestir íslensku, íþróttir, dönsku og stærðfræði.

Foreldrar voru í spurningalista beðnir um að lýsa afstöðu sinni til nokkurra námsgreina og reyndust viðhorf þeirra jákvæðust til íþróttar, dönsku, íslensku, líffræði og myndmenntar. Þegar spurt var hvað foreldrar væru ánægðastir með í skólanum nefndu 32 góða kennslu eða kennslu í tilteknum greinum og voru danska og stærðfræði oftast nefndar.

Enda þótt ekki hafi verið gert ráð fyrir því að niðurstöður þessa verkefnis næðu til einstakra námsgreina treystir skýrsluhöfundur sér til að láta eftirfarandi upplýsingar frá sér fara um þær námsgreinar sem hafa hvað sterkasta stöðu:

Íslenskukennsla við skólann er að flestra mati mjög traust og skilar góðum árangri. Íslenskukennarar skólans, sem eru þrír, hafa með sér mjög náið og gott samstarf. Þegar nemendur voru spurðir álitis á því í hvaða námsgreinum þeir fengu besta kennslu, nefndu flestir (77) íslensku. Nokkuð virðist þó vanta á áhuga nemenda á greininni. Mjög fáir nemendur halda upp á íslensku sem námsgrein og þarf að leita skýringa á því. Íslenska var efst á lista yfir óvinsælar námsgreinar. Vera kann að auka þurfi vægi tjáningar og skapandi viðfangsefna.

Íslenskukennarar skólans hafa fjallað um þessar niðurstöður og gert við þær svohljóðandi athugasemd:

Íslenskukennarar harma hve nemendum leiðist íslenskunámið. Við nánari íhugun og eftir samræður við nemendur telja þeir að heimavinna og það hvernig gengið er á eftir því að hún sé unnin eigi drjúgan þátt í afstöðu nemenda til greinarinnar.

Þetta er mjög umhugsunarvert og íslenskukennarar velta fyrir sér hvað sé til ráða. Er t.d. hugsanlegt að lengri skóladagur og breytt þjóðfélag kalli á breytt vinnubrögð. Það er þó ljóst að til þess að viðhalda metnaðarfullri móðurmálskennslu þurfa bæði nemendur og kennarar að leggja mikið af mörkum og ná saman á jákvæðum grundvelli.

Íþróttakennslan við Valhúsaskóla virðist sérlega vönduð, vel undirbúin og metnaðarfull. Henni sinna tveir kennarar sem ná vel saman hvað varðar áherslur og útfærslu. Mjög hefur verið sóst eftir að koma kennaraefnum í leiðsögn í Valhúsaskóla og hafa þau verið mjög ánægð með þá kennslu sem þau hafa fengið. Sérfræðingur var fenginn til að leggja mat á kennsluáætlanir í íþróttum og var umsögn hans mjög lofsamleg. Skipulag allt er með besta móti sem og agi. Hluti íþróttakennslunnar í Valhúsaskóla er danskennsla, sem telst mjög til fyrirmyndar. Þá er athyglisvert að boðið er upp á stuðningstíma fyrir þá nemendur sem þurfa á slíku að halda. Fleira má nefna, t.d. skólahlaup, átaksverkefni og sundmót. Í könnun meðal nemenda kom fram að íþróttir eru vinsælasta námsgreinin. Þó ber að koma þeirri athugasemd á framfæri, sem fram kom í viðtölum við fulltrúa nemenda, að æskilegt væri að hafa viðfangsefni meira við hæfi stúlkna og var þolfimi nefnd sem dæmi.

Dönskukennsla er mjög góð í Valhúsaskóla og er hún næst efst á lista yfir þær námsgreinar sem nemendur telja sig fá besta kennslu. Alls töldu 72 nemendur sig fá besta kennslu í dönsku. 27 nemendur völdu dönsku sem uppáhaldsnámsgrein sem er afar óvenjulegt sé tekið mið af þeim könnunum sem Rannsóknarstofnun Kennaraháskólans hefur gert í öðrum skólum. Danska hefur þótt mjög erfið grein að kenna vegna lítils áhuga nemenda. Fylgst var með þremur kennslustundum í dönsku og var mjög vel að þeim staðið.

Sú stærðfræðikennsla sem fylgst var með var mjög vel af hendi leyst. Nemendur töldu sig yfirleitt fá ágæta stærðfræðikennslu, þótt dæmi væru um hið gagnstæða. Eins og víðast annars staðar er stærðfræðin ofarlega bæði á listum yfir vinsælar og óvinsælar greinar.

Loks vill skýrsluhöfundur taka fram að mjög góður bragur var í þeim sauma- og myndmenntatímum sem hann fylgdist með. Í myndmenntastofu er skemmtilegt námsumhverfi og nemendur voru að fást við áhugaverð viðfangsefni. Í viðtölum lýstu nokkrir nemendur mjög jákvæðum viðhorfum til þessarar kennslu.


Skólasafn er afar vel staðsett og ágætlega búið hvað safnkost varðar, þó húsgögn séu talsvert farin að láta á sjá. Safnið er opið flesta daga frá kl. 8.00 á morgnana til kl. 14.45. Í spurningalistakönnun tóku 20 starfsmenn afstöðu til nýtingar skólasafnsins og var það samdóma álit að það nýttist vel. Nemendur lýstu einnig ánægju sinni með skólasafnið en í viðtölum við þá kom fram að þeim þótti það of lítið notað til kennslu. Nokkrir nemendur og starfsmenn lýstu þeirri skoðun sinni að skólasafnið mætti vera opið lengur.

Kennslu í tölvu- og upplýsingatækni í skólanum þarf að efla til muna og bæta aðstöðu til hennar. Það var samdóma álit nánast allra sem til var leitað. Endurskoða þarf námskrá skólans í tölvu- og upplýsingatækni með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá og stórauka þarf þennan þátt í kennslu ýmissa námsgreina. Rétt er að taka fram að í viðræðum við fulltrúa nemenda kom fram ánægja með að tölvustofa væri opin í hádegi. Í sömu viðtölum kom fram hörð gagnrýni þeirra á inntak tölvukennslunnar og töldu þeir alltof mikla áherslu á ritvinnslu á kostnað annarra viðfangsefna. Þá komu fram óskir frá nemendum um að þeir fengju aðgang að tölvum eftir kennslu á daginn.

Skýrsluhöfundur er þeirrar skoðunar að til muna þurfi að efla samstarf kennara í skólanum. Raunar er að finna í Valhúsaskóla mjög góð dæmi um samstarf sem hafa má til fyrirmyndar. Íslenskukennarar skólans eru þrír og hafa, eins og fram hefur komið, með sér mikið og gott samstarf sem er greininni mjög til framdráttar. Íþróttakennarar skólans eru tveir og ná þeir einnig mjög vel saman. Annað formlegt samstarf milli kennara er hverfandi, enda lítil áhersla á það lögð sem m.a. má sjá af þeim litla tíma sem til þess er ætlaður. Í svörum við spurningu um mat á tíma til samstarfs kom fram að 2 kennarar (11%) af 18 sem svöruðu töldu tíma til samstarfs nánast engan, 11 (61%) töldu hann lítinn, 5 (28%) töldu hann hæfilegan en enginn taldi hann rúman. Skýrsluhöfundur treystir sér til að taka svo djúpt í árinna að halda því fram að það standi þróun kennsluhátta í skólanum fyrir þrifum hve kennarar hafa nauman tíma til skipulegs, faglegs samstarfs. Það ætti að vera forgangsverkefni að efla samstarf þvert á námsgreinar.

Nemendum í 10. bekk er skipt í hópa eftir námsgetu og áhuga (hægferð, miðferð og hraðferð) í þeim námsgreinum sem eru til samræmds prófs. Foreldrar og kennarar voru í spurningalista beðnir um afstöðu til þessa kerfis og reyndust báðir hópar mjög sáttir við það fyrirkomulag.

Viðhorf foreldra (fjöldi=170) og kennara (fjöldi=19) til skiptingar nemenda í hópa eftir getu og áhuga. Svör í %



Margir kennarar í Valhúsaskóla leggja mikla áherslu á heimanám. Í því sambandi má víkja að því að margt bendir til þess að hóflegt heimanám bæti námsárangur, en um leið og það verður of mikið getur það leitt til neikvæðra viðhorfa. Aðspurðir í spurningalista fannst 20,1% nemenda heimanám allt of mikið, 39,7% fannst það nokkuð mikið og 39,2% þótti það mátulegt. 1,1% nemenda þótti heimanám of lítið. 31,3% nemenda í 8. bekk þótti heimanám allt of mikið. Rétt er að nefna að nemendur lögðu áherslu á það í viðtölum að kennarar mættu bera sig betur saman með heimanám. Í könnun meðal foreldra kom fram að 13,2% þeirra þótti heimavinna of mikil, 74,1% fannst hún mátuleg og 12,6% töldu hana of litla.

Skólanámskrá

Valhúsaskóli hefur gefið út skólanámskrá undir heitinu Námsvísir. Skólanámskrá þessi er ágætlega unnin og framsetning yfirleitt skilmerkileg.

Námskráin er í tveimur hlutum. Í fyrri hlutanum eru almennar upplýsingar og í þeim síðari upplýsingar um kennslu í ýmsum námsgreinum. Í fyrri hluta vekur athygli ágætur kafli um samskipti skóla og heimila. Aftur á móti er saknað umfjöllunar um stefnu og sérstöðu skólans, kennsluhætti, námsmat og samskipti.

Í seinni hlutanum er skipulagi kennslu í hverri námsgrein yfirleitt lýst undir fyriðingnum: Markmið, námslýsing, verkefnavinna og skil og námsmat. Einnig er þess getið hverjir kenna og greint frá kennslustundafjölda. Lýsingar þessar eru yfirleitt greinargóðar þó stundum séu upplýsingar með allra naumasta móti (sem dæmi eru lýsingar á námi og kennslu í stærðfræði, sögu, myndmennt, smíðum og saumum).

Þegar lítið er til inntaks og kennsluáðferða kemur í ljós að í flestum bóknámsgreinum er áhersla lögð á skipulega yfirferð námsefnis ("textar lesnir og verkefni unnin", "kenndar verða bækurnar", "lesnir verða kaflar út bókinni ... nemendur halda vinnubók") og heimanám.

Í íslensku er þunginn á hefðbundinni málfræði, stafsetningu, ritun og bókmenntalestri og verkefnum sem honum tengjast. Þá lesa nemendur bækur að eigin vali. Í tungumálum er vikið að ritunarverkefnum, hraðlestri, samtalsæfingum og notkun hlustunarefnis. Kennsluáðferða er ekki getið í lýsingu á stærðfræðináminu. Í

eðlisfræði er lögð áhersla á vísindalega aðferðafræði og mælingar. Þar er einnig vikið að notkun myndbanda sem kennsluefnis og verkefnum sem byggjast á notkun tölvu. Í landafræði er byggt á vinnubókum og öðrum verkefnum. Þar er einnig getið sjálfvalinna verkefna og ritgerða. Í líffræði er vikið að verklegum æfingum, auk vinnubóka, ritgerða og annarra verkefna. Athygli vekur verkefni sem byggist á plöntusöfnun og er það annað af tveimur tilvikum í skólanámskránni þar sem vísað er til verkefna utan skólans. Í sögu er þess getið að nemendur taki glósur. Einnig er vikið að ritgerð og hópverkefni sem unnið er á skólasafni.

Í kafla um íþróttir vekur athygli áhersla á fjölbreytni. Kennslan fer fram bæði úti og inni. Nefndar eru frjálssar íþróttir, sund, leikir, boltagreinar, áhaldaleikfimi, tennis og badminton. Sérstaka athygli vekur að meðal námsþátta eru dans og glíma, en þessir þættir eru fáséðir í skólanámskrám hér á landi. Enn má nefna að boðið er upp á aðstoð við þá nemendur sem eiga við vandamál að stríða, t.d. vegna líkamsþyngdar. Í heimilisfræði er lögð áhersla á fjölbreyttar aðferðir og vikið er að notkun myndbanda. Ekki er fjallað um kennsluáðferðir í myndmennt, en athygli vekur að nemendur í 10. bekk skila listasöguritgerð.

Vakin er athygli á því að nafn námsgreinarinnar Ritvinnsla er misvísandi (nema fyrir 8. bekk) þar sem hún felur í sér fleiri námsþætti en nafnið gefur til kynna.

Áhersla er lögð á safnfræðslu og eru viðfangsefni hennar hagnýt og áhugaverð (upplýsingaleit, heimildavinna, notkun handbóka og uppsláttarrita, ritgerðir).

Í umfjöllun um starfsfræðslu í 10. bekk er tekið fram að lögð sé áhersla á að nemendur séu virkir í kennslustundum og taki þátt í umræðum. Er þetta eini staðurinn í skólanámskránni þar sem sjónum er beint sérstaklega að því. Þar er einnig vikið að heimsóknum á vinnustaði og noktun áhugasviðsprófa.

Í tölvufræði, sem er valgrein í 10. bekk, er getið um umfangsmikið ritvinnsluverkefni unnið í samstarfi við kennara í öðrum námsgreinum og á það að reyna á notkun Netsins. Í upplýsingatækni, sem einnig er valgrein í 10. bekk, er byggt á hópverkefnum þar sem nemendur glíma við viðfangsefni sem þeir velja sér. Í þýsku (valgrein í 10. bekk) er vikið að notkun myndvarpa, tónlist og námspilum.

Þegar leitast er við að draga upp heildarmynd af kennsluháttum í Valhúsaskóla eins og hún verður ráðin af framsetningu í skólanámskrá virðast kennsluáðferðir ekki vera fjölbreyttar. Of sjaldan er vikið að umræðum, hópvinnu, efniskönnun, heimildavinnu, þemanámi, skapandi verkefnum, safnferðum, leikrænni tjáningu, leitaraðferðum, tilraunum, vettvangsferðum, náttúruskoðun og notkun myndmiðla. Athygli vekur einnig hve sjaldan er vikið að tölvu- og upplýsingatækni. Því má segja að framsetning í skólanámskrá staðfesti þá mynd sem fékkst af kennsluháttum með vettvangsathugunum og í könnun meðal kennara.

Vakin er athygli á því að orðið "verkefnavinna", sem mikið er notað í skólanámskránni, er misvísandi miðað við skilgreiningu á þessu hugtaki í nýrri aðalnámskrá þar sem það er yfirleitt notað um kennsluáðferðir á borð við efniskönnun og leitaraðferðir og aðrar aðferðir sem gera miklar kröfur um sjálfstæð vinnubrögð. Í Valhúsaskóla er þetta hugtak notað, að því er virðist, um öll verkefni sem nemendur leysa.

Athygli vekur að tónmennt er ekki í námskrá Valhúsaskóla. Það er raunar umhugsunarefni hve lítinn þátt tónlistarheimurinn skipar í öllu skólastarfinu og hlýtur að þurfa að meta hvort það er viðunandi.

Nokkuð er um prentvillur í skólanámskránni.

Í könnun meðal foreldra kom fram að 15,1% þeirra kváðust hafa kynnt sér skólanámskrána mjög vel, 70,5% talsvert, 2,4% kváðust ekki hafa skoðun á henni, 9% sögðust lítið hafa skoðað hana og 3% ekkert. Í samanburði við aðra skóla eru þetta viðunandi niðurstöður.

Námsmat

Námsmat í Valhúsaskóla er með þeim hætti að formleg próf eru tvisvar á skólaárinu og einnig eru framfarir nemenda í hverri námsgrein metnar með mismunandi hætti eftir greinum.

Í heild eru kennarar sáttir við tilhögun námsmats. Í svörum við spurningalista lýstu 18 (94,7%) jákvæðum viðhorfum (sáttir eða mjög sáttir) en 1 (5,3%) var fremur ósáttur. 16% foreldra tók mjög jákvæða afstöðu til námsmatsins í könnuninni, 45,4% voru nokkuð ánægðir, 35% höfðu ekki skoðun en 3,7% voru óánægðir. Foreldrar voru einnig beðnir um álit á því vitnisburðarformi sem notað er í skólanum og reyndust viðhorf til þess jákvæð.

Í viðtölum við kennara komu fram hugmyndir um að skólinn tæki upp svokallað þriggja anna kerfi sem byggist á því að skólaárinu er skipt í þrjár annir, en ekki tvær eins og nú er gert.


Sérkennsla, námsráðgjöf, sálfræðiþjónusta og önnur sérfræðiþjónusta

Við skólann starfa tveir sérkennarar, annar í fullu starfi, hinn í u.þ.b. hálfu. Sérkennarar hafa litla stofu til umráða en starfa mest með kennurum í bekkjunum. Mest áhersla hefur verið lögð á aðstoð í íslensku (einkum málfræði og stafsetningu), stærðfræði, ensku og dönsku.

Í upphafi skólaárs gangast nemendur í 8. bekk undir próf í lestri, stafsetningu og stærðfræði. Þeim sem fá bágar niðurstöður úr þessum könnunum er boðin aðstoð.

Nokkur ágreiningur er í skólanum um áherslur og leiðir í sérkennslu.

Svör starfslíðs við spurningunni: Hvert er mat þitt á fyrirkomulagi sérkennslu í skólanum? Fjöldi svara=21. Svör í %



Þessar niðurstöður geta ekki talist nógu góðar. Þær athugasemdir sem gerðar eru við sérkennslu eru helst af því tagi sem sjá má í eftirfarandi tilvitnun:

... Sérkennsla má ekki byggjast of mikið upp á heimavinnuaðstoð. Sérkennsla ætti að vera þannig að nemendur fengju leiðbeiningar um að nálgast efnið á annan hátt en bekkurinn og jafnvel með annað efni. (Athugasemd í spurningalista).

Nokkrir kennarar lögðu áherslu á að þeir nemendur sem fengju sérkennslu við skólann væru ánægðir með hana.

Fram komu áhyggjur kennara gagnvart þeim nemendum sem ættu erfitt með bóknám.

... sum hver upplifa hér algjört niðurbrot á þessum þremur árum ... (Úr viðtali).

Starfslið var í spurningalista beðið um viðhorf sitt til þess hvernig skólinn kæmi til móts við nemendur með mikla námshæfileika og taldi 1 (5,3%) af 19 sem svöruðu að það tækist í heild mjög vel, 5 (26,3%) að það tækist yfirleitt nokkuð vel, 9 (47,4%) sæmilega og 4 (21,1%) illa.

Þeirri spurningu var í spurningalista beint til foreldra, sem höfðu átt börn í skólanum og þurft höfðu sérkennslu, hvert væri mat þeirra á þeirri þjónustu sem börnin hefðu fengið. Alls svöruðu 47 foreldrar þessari spurningu og töldu 61,7% þjónustuna góða, 17% vildu ekki taka afstöðu en 21,3% foreldra voru óánægðir og töldu þjónustuna ófullnægjandi.

Námsráðgjafi er við skólann í tæplega hálfu starfi. Viðhorf til námsráðgjafar voru mjög jákvæð. Í spurningalista til starfsfólks taldi 21 (95,5%) af 22 sem svöruðu að námsráðgjöfin væri í heild eða yfirleitt góð, en 1 (4,5%) taldi hana í meðallagi.

Námsráðgjafi skipuleggur starfsfræðslu í 10. bekk og virðist mjög vel að henni staðið.

Sálfræðingur er í 62% starfi við báða grunnskólana á Seltjarnarnesi. Í Valhúsaskóla veitir sálfræðingur viðtöl einu sinni í viku, á fimmtudagsmorgnum. Þá tekur sálfræðingur þátt í störfum nemendaverndarráðs. Verkefni sálfræðings eru m.a. athuganir og greining á nemendum, ráðgjöf við kennara, nemendur og foreldra og viðtöl við nemendur sem til hans leita af ýmsum ástæðum. Þá má nefna margháttða skýrslugerð og umsóknir. Viðfangsefni geta verið af margvíslegu tagi. Nefna má vandamál vegna námsörðugleika, þroskafrávika barna eða fötlunar, skipulag náms fyrir nemendur sem eiga við hegðunarörðugleika að stríða, tilfinningaleg vandamál nemenda (t.d. þunglyndi) og barnaverndarmál.

Margir kennarar lýstu óánægju með sálfræðiþjónustuna í Valhúsaskóla og notuðu sumir þung orð til að undirstrika óánægju sína ("í molum", "til háborinnar skammar", "algjörlega óviðunandi"). Í könnun meðal starfsliðs lýstu 23 skoðun sinni á sálfræðiþjónustunni. 18 (78%) töldu henni áfátt eða ábótavant, 1 (4%) taldi hana í meðallagi og 4 (17%) töldu hana yfirleitt í góðu lagi. Í athugasemdum starfsmanna kom fram að sálfræðingur væri alltof lítið við í skólanum og að erfitt væri að ná sambandi við hann. Fram kom sú skoðun að hlutverk sálfræðings væri óljóst. Þá var gagnrýnt að hann tæki ekki á málum og einnig var kvartað yfir því að

umsjónarkennarar fengju ekki nauðsynlegar upplýsingar. Þessi viðhorf voru áréttuð í viðtölum.

Mat sálfræðings er að gagnrýni kennara eigi við talsverð rök að styðjast. Langur vegur sé frá því að sér takist að komast yfir öll þau margþættu og víðfeðmu verkefni sem þörf sé að sinna. Miklar og vaxandi kröfur séu gerðar til sálfræðiþjónustunnar. Í raun þurfi að stórefla þjónustuna og bæta starfsskilyrði. Þá megi skýra gagnrýnina að nokkru leyti með því að mörg verkefni sálfræðings séu þess eðlis að þau séu starfslíði skólans ekki sýnileg. Eftir sem áður þurfi að skýra hlutverk sálfræðings mun betur. Óljósar skilgreiningar á verkefnum skapi óöryggi.

Fram kom að sálfræðingur hefur ekki rætt starfssvið sitt við kennarahópinn og er eindregið lagt til að það verði gert.

Við skólann starfar nemendaverndarráð. Í nemendaverndarráði eiga sæti skólastjórar, námsráðgjafi, fagstjóri í sérkennslu, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og skólalæknir. Mikil gagnrýni kom fram í viðtölum og spurningalistum á að kennarar fengju ekki upplýsingar um skjólstæðinga sína af nemendaverndarráðsfundum.

Hjúkrunarfræðingur kemur í skólann tvo morgna í viku. Nokkrir kennarar lýstu í viðtölum og svörum við spurningalista ánægju með störf hjúkrunarfræðings.

Agi og skólabragur

Mat á aga og skólabrag byggist á vettvangsathugunum og viðhorfum sem fram komu í spurningalistum og viðtölum við starfslíð, foreldra og fulltrúa nemenda.

Skýrsluhöfundur kom oft í skólann án þess að gera boð á undan sér og á ýmsum tímum. Fylgst var með nemendum þegar þeir voru að koma í skóla að morgni dags, í frímínútum og lengri hléum milli kennslustunda, í mötuneyti og við skólalok. Eins og fram kom í kaflanum um kennsluhætti var fylgst með á fjórða tug kennslustunda. Undantekningarlítið var góður bragur ríkjandi, andrúmsloft afslappað og rólegt.

Talsvert var rætt um aga og skólabrag í viðtölum við starfsmenn. Nokkrir töldu að ágætur bragur væri á göngum fyrri hluta dags, en hann versnaði þegar líða tæki á daginn og þyrfti að auka gæslu á göngum eftir hádegi. Nefnd voru dæmi um atvik sem upp hefðu komið sem ekki hefði tekist að leysa þar sem ekki var tekið á þeim af nægilega mikilli festu.

Skoðanir starfsmanna á aga voru mjög ólíkar. Í spurningalista töldu 2 (7%) starfsmenn af 30 sem svöruðu að mjög góður agi væri í skólanum, 9 (30%) töldu agann góðan, 13 (43%) töldu hann sæmilegan, 5 (17%) töldu talsvert agaleysi ríkja og 1 (3%) taldi agaleysið mikið.

Nokkrir starfsmenn töldu að agi hefði versnað á síðustu árum og mikið bæri á því að nemendur bæru litla virðingu fyrir öðrum og eigum annarra.

Þegar spurt var um ástundun nemenda mátu 3 (12%) af 26 sem svöruðu hana í heild mjög góða, 17 (65%) mátu hana nokkuð góða og 6 (23%) fremur slæma. Enginn valdi svarliðinn mjög slæm.

Nemendur voru í spurningalista spurðir um vinnufrið í kennslustundum. 6,6% sögðu hann mjög góðan, 26,9% sögðu hann nokkuð góðan, 48,9% sæmilegan en 17,5% töldu hann slæman. Í viðtölum lögðu nemendur áherslu á að vinnufriður í kennslustundum væri afar mismunandi eftir kennurum. Í sumum tímum væri mjög góður agi og allir fylgdust með. Í öðrum tímum "þyrfti maður ekkert að fylgjast með" og einnig var nefnt að "kennarinn skiptir sér ekkert af okkur ... við getum farið ef við viljum".

Nokkrir starfsmenn töldu agaleysi veikustu hlið skólstarfsins. Í því sambandi var bent á að illa gengi með lítinn hóp nemenda sem í voru einkum drengir. Stjórnendur tækju ekki nægilega vel á málum ("vantar að tekið sé af skarið"). Margir lýstu því sjónarmiði að taka þyrfti á málum af meiri festu. Eins væri vandamál hve illa boð gengju á milli kennara þegar vandamál kæmu upp.

... það er eins og það séu ekki til úrræði fyrir stóru vandamálin ... við erum alltaf að fara aftur og aftur til yfirmanna með sömu krakkana ... alltaf eins og þetta detti upp fyrir ... aldrei neitt gert ... (Úr viðtali).

Þegar spurt var í spurningalista hvað ylli mestu álagi í starfi nefndu nokkrir starfsmenn agaleysi og óánægju vegna þess að ekki væri tekið á agamálum af nógu mikilli festu. Nokkrir áréttuðu þetta í viðtölum.

Oft er rætt um aga og skólareglur á kennarafundum - virðist alltaf vera sama umræðan um sömu mál - "Á að leyfa?" - Vantar festu í að framfylgja því sem ákveðið er. (Athugasemd í spurningalista).

Það eru alls ekki nógu skýrar reglur um hvað má og hvað má ekki ... og um viðurlög ... hvað á að gera ... það vantar alveg að vita hvað gert er ... (Úr viðtali).

... mér finnst að það verði alltaf að taka á málum strax þannig að krakkarnir fái þau skilaboð að það séum við sem stjórnnum - kennararnir - en ekki þau ... (Úr viðtali).

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að í spurningalista voru starfsmenn spurðir hversu vel skólareglum væri framfylgt og töldu 23 (79%) að þeim væri nokkuð vel framfylgt (enginn valdi svarliðinn mjög vel) en 6 (21%) töldu að skólareglum væri illa framfylgt.

Í viðtölum voru nefnd dæmi um mjög góða hegðun nemenda við ýmsar aðstæður, t.d. í vettvangsferðum og heimsóknnum í stofnanir.

Í spurningalista voru foreldrar, nemendur og starfslið beðin um viðhorf sitt til skólareglna og lýstu 87,3% foreldra sig sátta við þær, 8,5% höfðu ekki skoðun og 4,2% voru ósáttir við þær. Einnig kom fram jákvæð afstaða foreldra til svokallaðs punktakerfis sem notað er í skólanum til að veita nemendum aðhald varðandi ástundun og skólasókn. Þegar nemendur voru spurðir töldu 38,3% skólareglurnar sanngjarnar, 28,2% tóku ekki afstöðu en 33,5% töldu þær óréttlátar. Sex (20%) starfsmenn af 30 sem svöruðu töldu skólareglur mjög skýrar, 20 (67%) töldu þær

nokkuð skýrar og 4 (13%) töldu þær óskýrar. Sú skoðun kom fram í viðtali við starfslíð að gefa ætti nemendum kost á að taka þátt í að semja skólareglur.

Þegar spurt var í spurningalista hvað foreldrar væru ánægðastir með í skólanum nefndu 25 aðhald eða aukna áherslu á aga. Þegar aftur á móti var spurt hvað foreldrar væru óánægðastir með nefndu 28 skort á aga og gæslu.

Spurt var um útbreiðslu eineltis í öllum spurningalistunum þremur. Sautján foreldrar (10,4%) könnuðust við að barn þess hefði orðið fyrir einelti eða mjög alvarlegri stríðni í skólanum á liðnu skólaári.

Nemendur voru spurðir hvort einelti í skólanum væri lítið eða mikið og töldu 10,8% að það væri nánast ekkert, 31,2% að það væri lítið, 43,5% sögðust ekki vita það, 10,8% töldu einelti nokkuð mikið og 3,8% mjög mikið. Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir hefðu orðið fyrir einelti svöruðu 13% því játandi. Þetta eru háar tölur í samanburði við niðurstöður úr öðrum skólum. Í þessu sambandi má einnig vísa til yfirgripsmikilla rannsókna sem Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur gert fyrir menntamálaráðuneytið á umfangi og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum. Niðurstöður þeirra eru m.a. þær að 6,9% nemenda í 7. bekk segjast hafa verið lagðir í einelti en 3,3% nemenda í 9. bekk. Í þessu ljósi sýnast tölur úr Valhúsaskóla háar og er ástæða til að kanna þessi mál sérstaklega.³

Aðspurðir könnuðust flestir starfsmenn skólans við eineltismál.³ Ólíkar skoðanir voru á kreiki um það hversu vel væri tekið á þessum málum. Nokkrir lögðu áherslu á að ekki væri brugðist nógu hratt eða markvisst við eða að lítið væri aðhafst.


Skólarnir á Seltjarnarnesi hafa samþykkt sérstaka aðgerðaáætlun gegn einelti og ofbeldi. Í áætluninni er birt stefna um fyrirbyggjandi aðferðir og aðgerðir gegn einelti. Áætlun þessi er mjög vel unnin, en þess ber að geta að í viðtölum við kennara kom fram að þeir teldu að henni hefði ekki verið fylgt eftir sem skyldi.

Hlutverk umsjónarkennara

Hver bekkur í Valhúsaskóla hefur umsjónarkennara. Umsjónarkennarar hafa eina kennslustund á viku með bekkjardeildum sínum sem einkum er notuð til að ræða agamál, skólasókn og ýmis atriði í daglegu starfi. Mismunandi er hversu mikið hver umsjónarkennari kennir í bekkjardeild sinni, þ.e. frá tveimur til sex tímum.

Nemendur voru í spurningalista spurðir álits á umsjónarkennurum sínum og reyndust viðhorf þeirra fremur jákvæð.

Svör nemenda við spurningunni: Finnst þér umsjónarkennarinn þinn, góður eða slæmur kennari? Fjöldi svara=187. Svör í %



Foreldrar voru í spurningalista beðnir um álit sitt á umsjónarkennara barns síns.

78,7% foreldra lýstu jákvæðum viðhorfum, 16% lýstu hlutlausri afstöðu en 5,3% töldu afstöðu sína neikvæða. Foreldrar voru einnig beðnir að leggja mat á samstarf sitt við umsjónarkennara og töldu 76,3% að það hefði verið gott, 22,4% höfðu ekki skoðun en 1,2% töldu að það hefði verið slæmt.

Kennarar voru í spurningalista beðnir um að leggja mat á þann tíma sem umsjónarkennarar hefðu til að sinna hlutverki sínu. Fjórir (24%) af þeim 17 sem svöruðu töldu tímann hæfilegan en 12 (71%) töldu hann lítinn. Einn (6%) valdi svarliðinn nánast engan tíma.

Samstarf heimila og skóla

Að hausti er haldinn sérstakur kynningardagur fyrir foreldra. Tæp 60% foreldra sóttu hann og voru viðhorf þeirra til hans jákvæð.

Haldinn er einn formlegur foreldradagur þar sem foreldum er boðið að koma í viðtal, sem lang flestir nýta sér. Auk þess er haft samband við foreldra í janúar þegar námsmat liggur fyrir og þeim boðið viðtal.

Yfirgnæfandi meirihluti foreldra sækir foreldraviðtölin og aðspurðir í spurningalista töldu tæp 90% þeirra þessi viðtöl gagnleg. Spurt var um viðmót kennara í þessum viðtölum og var það mat 90% foreldra að það hefði verið þægilegt. Aðspurðir um mat á fyrirkomulagi viðtalanna reyndust 82,7% foreldra sáttir við það, 3,6% höfðu ekki skoðun en 13,7% voru ósáttir við það. Í athugasemdum kom fram að sumum þóttu viðtölin of sjaldan eða að þau væru of stutt.

Foreldrar voru í spurningalista beðnir um álit sitt á foreldrasamstarfinu og reyndust viðhorf í heild mjög jákvæð. 25,5% töldu samstarfið við skólann mjög gott, 49,1% töldu það nokkuð gott, 20% höfðu ekki skoðun og 5,5% töldu það ekki nógu gott.

Foreldrar voru beðnir að lýsa skoðun sinni á þeim upplýsingum sem þeir fengu um barn sitt (nám þess, gengi og líðan) og töldu tæp 79,5% foreldra upplýsingarnar gagnlegar, 8,4% höfðu ekki skoðun en 12% töldu upplýsingarnar gagnslitlar eða gagnslausar.

Foreldrafélag starfar við Valhúsaskóla og sinnir það félagsstarfi og forvörnum, auk þess skipuleggur það brautskráningarhátíð nemenda og ferðalag sem farið er í lok samræmdra prófa í 10. bekk. Þá hefur foreldraráð starfað við skólann frá því að ákvæði um þau voru fest í lög.

Kennarar voru í spurningalista spurðir álits á samstarfi við foreldra og lýstu allir ánægju með það. Þó voru gerðar athugasemdir um nauman tíma til samstarfs. Þá kom fram jákvæð afstaða þeirra til foreldraráðs og foreldrafélags. Nokkrir kennarar óskuðu eftir meiri upplýsingum um þetta starf.

Þegar starfslið var í spurningalista spurt um brýnasta úrlausnarefnið í skólastarfinu nefndu nokkrir þætti sem snerta samstarf heimila og skóla:

Það þarf að vera jákvætt foreldrasamband því það tel ég að leiði af sér jákvæðari og metnaðarfyllri nemendur. (Athugasemd í spurningalista).

Það þarf að reyna að auka jákvæðni gagnvart skóla og ástundun, svo og virðingu nemenda fyrir sjálfum sér og öðrum. Þetta tekst aldrei nema foreldrar standi saman og með skólanum og tali jákvætt um skóla og kennara. (Athugasemd í spurningalista).

Virkja foreldra betur til samstarfs - það er svo auðvelt í svona litlum skóla. (Athugasemd í spurningalista).

Aðspurðir um afstöðu til foreldraviðtala lýstu 2 (13%) af 16 kennurum sig mjög sátta við þau, 11 (69%) kváðust nokkuð sáttir en 3 (19%) voru ósáttir.

Þegar spurt var í spurningalista hvað foreldrar væru ánægðastir með í skólanum nefndu 23 atriði sem snerta samstarf heimila og skóla eða gott foreldrasamstarf.

Aðstaða

Þó aðstaða sé um margt prýðileg í Valhúsaskóla verður skýrsluhöfundar að viðurkenna að það kom honum á óvart, í ljósi þess að skólinn er í stöndugu bæjarfélagi sem sýnt hefur mikinn metnað í skólamállum, að sjá hve aðstöðu er að sumu leyti ábótavant.

Valhúsaskóli er að flestra dómi skemmtilega staðsettur. Útsýni frá skólanum er afar fallegt. Í turni skólans er stjörnukíkir, en hann er ekkert notaður í þágu skólans og er þröngu aðgengi kennt um.

Mat kunnáttumanna var að viðhald skólans hefði verið vanrækt á undanförunum árum. Leiksvæði við skólann eru mjög lítil og raunar er aðeins um að ræða einn lítinn körfuboltavöll.

Skólastofur eru flestar ágætlega rúmgóðar og vel búnar kennslutækjum. Myndvarpi og hljómflutningstæki eru í flestum stofum. Föst sýningartjöld eru einnig í flestum stofum en þau eru ekki rétt upp sett og skyggja á töflu þegar þau eru notuð. Skólahúsgögn í flestum stofum eru komin mjög til ára sinna og farin að láta á sjá.

Starfsfólk var í spurningalista beðið um að leggja mat á aðstöðu í skólastofum og búnað í skólanum og veittu 23 svör við því. Tveir (9%) töldu aðstöðuna í heild mjög góða, 5 (22%) töldu hana yfirleitt góða, 9 (39%) í meðallagi og 7 (30%) í mörgu áfátt.

Í spurningalista var starfsfólk beðið að leggja mat á hvernig skólinn væri búinn kennslutækjum. Nítján svöruðu og töldu 8 (42%) að skólinn væri í heild mjög vel búinn tækjum, 7 (37%) nokkuð vel, 2 (11%) töldu tækjakost viðunandi og 2 (11%) að hann væri fremur illa búinn kennslutækjum.

Nemendur voru einnig beðnir um mat sitt á aðstöðu, bæði í spurningalista og viðtölum. 31% nemenda töldu aðstöðu í skólastofum slæma, 40,5% töldu hana samilega, 25,8% nokkuð góða en 2,6% mjög góða.

Þegar nemendur voru í spurningalista spurðir hverju þyrfti helst að breyta í skólanum nefndu 65 atriði sem snerta aðstöðu, s.s. aðbúnað í stofum. Mörgum nemendum var hugleikið að skapa þyrfti hlýlegra, líflegra og bjartara umhverfi í skólanum, það þyrfti að mála skólann og fegra hann. Þetta áréttuðu fulltrúar nemenda mjög sterklega í viðtölum.

Talsvert virðist vanta á að skólinn sé nægilega vel búinn kennslugögnum til náttúrufræðikennslu og aðstöðu skortir til verklegra æfinga og rannsóknarvinnu. Óskir komu fram um að komið væri upp góðri raungreinastofu. Sem dæmi um fyrirmynd að slíkri aðstöðu var nefnd aðstaða til náttúrufræðikennslu í Ölduselsskóla í Reykjavík.

Umhverfi á skólagöngum er um margt hvetjandi. Náttúrugripir og veggspjöld setja skemmtilegan svip og mætti líklega ganga enn lengra í þeim efnum. Skýrsluhöfundur þykir á hinn bóginn talsvert skorta á að umhverfi í skólastofum sé nægilega vistlegt og áhugavekjandi. Kjörrið er að nota veggi í skólastofum til sýninga á verkefnum nemenda, t.d. skapandi vinnu, eða fyrir veggspjöld eða annað hvetjandi og áhugavert efni sem tengist náminu.

Eins og fram hefur komið er rúmgott og vel búið skólasafn í skólanum og var starfslið í spurningalista beðið að leggja mat á þá aðstöðu og tóku 23 afstöðu. Alls álitu 9 (39%) hana mjög góða, 6 (26%) töldu hana nokkuð góða, 6 (26%) sögðu hana í lagi en tveir (9%) töldu henni ábótavant.

Óviðunandi aðstæður eru í tölvustofu. Tölvur eru þar of margar og loftræsting ófullnægjandi. Þá er lýsingu verulega ábótavant.

Aðstaða til kennslu list- og verkgreina er mjög mismunandi. Sumt er í mjög góðu lagi, öðru er ábótavant.

Í skólanum er prýðileg aðstaða til íþróttakennslu þó það sé mat íþróttakennara að talsvert vanti af tækjum og áhöldum.

Aðstaða til heimilisfræðikennslu er um margt góð, einkum til að sinna verklega þættinum. Aðstaða til að kenna bóklega þætti í heimilisfræði er ekki nógu góð.

Aðstaða til saumakennslu er ófullnægjandi. Þar sem unnið er að umbótum á henni verður hún ekki gerð að frekara umtalsefni í þessari skýrslu.

Mikil óánægja var með aðstöðu til smíðakennslu og var það mat margra að sú aðstaða hefði verið látin sitja á hakanum. Langt væri í land með að smíðastofa stæðist samjöfnuð við aðstöðu til smíðakennslu í öðrum skólum. Þar sem unnið er að því að koma upp nýrri og betri aðstöðu til smíðakennslu þykir ekki ástæða til að orðlengja um þetta atriði frekar í þessari skýrslu að öðru leyti en því að þessi slæma aðstaða var af sumum talin skýra neikvæð viðhorf nemenda og foreldra til greinarinnar.

Aðstaða til myndmenntakennslu er ágæt og kennslustofa vistleg og hvetjandi eins og fyrr hefur verið nefnt. Aðstaða til leirbrennslu er á hinn bóginn óviðunandi með öllu, en hún er í gluggalausum kjallara með slæmu aðgengi (klöngrast þarf niður þröngan stiga) og er þessi tilhögun skólanum ekki sæmandi.

Starfslið var í spurningalista beðið um að meta aðstöðu til kennslu list- og verkgreina og taldi 1 (4%) af þeim 23 sem svöruðu að hún væri mjög góð, 4 (17%) töldu aðstöðuna nokkuð góða, 12 (52%) töldu hana sæmilega, 5 (22%) slæma og 1 (4%) mjög slæma.

Kennarar hafa sérstakt vinnurými til að undirbúa kennslu. Í samanburði við aðstæður í öðrum skólum er aðstaðan ágæt. Hér verður líka að nefna að flestir kennarar hafa eigin stofu. Í spurningalista tóku 23 afstöðu til spurningar um mat á vinnuástöðu kennara í skólanum. Níu (38%) voru mjög ánægðir, 8 (33%) nokkuð ánægðir en 7 (29%) töldu aðstöðuna viðunandi. Engin lýsti sig óánægðan. 17 kennarar tóku afstöðu til spurningar um þann tölvukost sem þeir hefðu aðgang að og töldu 6 (35%) hann mjög góðan 7 (41%) nokkuð góðan, 2 (12%) töldu hann í lagi, en 2 (12%) töldu honum ábótavant.

Ágæt aðstaða er í sérkennsluherbergi og sömuleiðis er viðtalsaðstaða námsráðgjafa ágæt. Þó ber að nefna að of hljóðbært er milli þessara herbergja sem eru samliggjandi.

Óánægja kom fram í spurningalista og viðtölum með aðstöðu í fatahengi starfsmanna og ófullnægjandi salernisaðstöðu. Þá var bent á að aðstöðu til trúnaðarsamtala skorti tilfinnanlega (viðtalsherbergi). Nokkrir kennarar létu í ljós óskir um að komið yrði upp símkerfi innanhúss.

Starfsfólk var í spurningalista beðið um að leggja mat á aðstöðu nemenda í frímínútum. 25 svöruðu og töldu 5 (20%) aðstöðu nemenda mjög góða, 11 (44%) töldu hana nokkuð góða, 8 (32%) mátu hana sæmilega, en 1 (4%) taldi hana slæma. Nemendur voru einnig spurðir um þetta og töldu 18,5% þeirra aðstöðuna mjög góða, 39,7% töldu hana nokkuð góða, 30,2% töldu hana sæmilega, 7,9% slæma og 3,7% mjög slæma.

Stjórnun


Við mat á stjórnun skólans er rétt að hafa í huga að núverandi skólastjóri hefur aðeins starfað við skólann í rúm tvö ár. Skólastjóri er undanþeginn kennsluskyldu og aðstoðarskólastjóri kennir sjö stundir á viku.

Í spurningalista var starfslið beðið að leggja mat á stjórnun skólans. Af þeim 24 sem tóku afstöðu töldu 3 (13%) stjórnunina í heild mjög góða, 12 (50%) töldu hana

yfirleitt nokkuð góða, 5 (21%) töldu hana viðunandi og 4 (17%) töldu hana fremur slæma.

Eins og sjá má af næstu mynd voru kennarar gagnrýnni á stjórnun skólans en aðrir starfsmenn.

Viðhorf kennara (N=16) og starfsmanna (N=8) til stjórnunar skólans. Svör í %



Í spurningalista var starfslið spurt hvernig stjórnun skólans hefði þróast og töldu 8 (38,1%) af þeim 21 sem svaraði að hún hefði styrkst, 12 (57,1%) töldu að hún væri svipuð en 1 (4,8%) taldi hana hafa veikst.

Foreldrar voru í spurningalista beðnir um álit á stjórnun skólans og töldu 71,2% hana í góðu lagi, 16,6% höfðu ekki skoðun á stjórnuninni en 12,2% töldu henni áfátt. Í viðtölum við fulltrúa foreldra komu fram mjög jákvæð viðhorf til beggja skólastjórnenda og ríkti ánægja með samstarf við þá.

Viðurkennt var að mikið álag væri á skólastjórnendum. Í spurningalista var starfslið beðið um mat á því álagi og töldu 16 (70%) af þeim 23 sem svöruðu það nokkuð mikið en 7 (30%) að það væri mjög mikið. Því má halda fram að óvenju annasamt hafi verið hjá stjórnendum um þær mundir sem aflað var upplýsinga um stjórnun skólans. Má þar t.d. nefna vinnu vegna fyrirhugaðs flutnings 7. bekkjar úr Mýrarhúsaskóla í Valhúsaskóla, álag vegna sérkennsluvandamála sem gerðu miklar kröfur til stjórnenda, og ekki síst ýmsir snúningar vegna þess verkefnis sem hér um ræðir og mæddu mjög á stjórnendum.

Í viðtölum og með spurningum í spurningalista var leitast við að fá mynd af stjórnun skólans, sterkum hliðum hennar og veikum og verður hér gerð grein fyrir því helsta sem fram kom.

Starfsliðið hrósaði skólastjóra fyrir að vera þægilegur í umgengni og viðræðu og að gott væri að leita til hans með persónuleg málefni ("vill allt fyrir mann gera", "almennilegur", "hlýr") og faglega fyrirgreiðslu. Þegar spurt var í spurningalista hvernig væri að leita til skólastjóra með erindi töldu 24 (88,9%) af þeim 27 sem svöruðu að það væri þægilegt, 1 (3,7%) taldi það viðunandi og 2 (7,4%) töldu það mjög óþægilegt. Í viðtölum var skólastjóra hrósað fyrir að standa sig vel þegar hann kæmi fram fyrir hönd skólans. Frammistöðu hans vegna undirbúnings að flutningi 7. bekkjar í Valhúsaskóla var mjög hrósað.

Flestir starfsmenn töldu samstarf sitt við skólastjóra gott. Í spurningalistum kom fram að 23 (92%) töldu það gott, 1 (4%) taldi það viðunandi og 1 (4%) að það væri ófullnægjandi. Starfsfólk var einnig spurt hvernig stjórnun skólans hefði þróast á undanförunum árum og töldu 8 (38%) af 21 sem svöruðu að hún hefði styrkst, 12 (57%) töldu hana svipaða, en 1 (5%) að hún hefði veikst.

Skiptar skoðanir komu fram um faglega forystu stjórnenda. Aðspurðir í spurningalista töldu 11 (46%) af þeim 24 starfsmönnum sem svöruðu hana mikla, 10 (42%) töldu hana viðunandi en 3 (13%) töldu hana litla. Í viðtölum lögðu nokkrir viðmælenda áherslu á að skólastjóri væri góður fagmaður. Þá nefndu nokkrir að hann væri mjög vandvirkur.

Í viðtölum og svörum við spurningalista kom fram talsverð gagnrýni á störf skólastjóra. Margir töldu að skólastjóri væri ekki nægilega sýnilegur og fylgdist ekki nægilega vel með daglegu starfi.

Í daglegum rekstri er skólastjóri ósýnilegur. Hann eyðir of miklum tíma við tölvuna og í tölvutengd málefni. (Athugasemd í spurningalista).

... lokar sig af inni á skrifstofu ... (Athugasemd í spurningalista).

Fram kom sú skoðun að skólastjóri þyrfti að blanda meira geði við starfsfólk. Nefnt var að afar fátítt væri að skólastjórnendur kæmu í heimsókn í kennslustundir til að fylgjast með kennslu.

Í spurningalista var starfslið spurt hvernig skólastjóri fylgdist með daglegu starfi og töldu 2 (8%) af þeim 25 sem tóku afstöðu að hann gerði það mjög vel, 9 að (36%) hann gera það mjög vel eða nokkuð vel, 9 (36%) töldu hann gera það sæmilega og 5 (20%) völdu svarið lítið eða mjög lítið.

Þá kom fram gagnrýni á skólastjóra fyrir að hafa of lítið samband við nemendur. Hann kenndi þeim ekki og talsvert vantaði á að hann þekkti þá. Bent var á að fyrri skólastjóri hefði kennt nemendum í 8. bekk og hefði því kynnst þeim vel. Fram kom sú skoðun að það myndi styrkja núverandi skólastjóra mjög ef hann hefði sama hátt á eða myndaði samband við nemendur með öðrum hætti. Í viðtölum við nemendur kom fram að þeir töldu sig vita lítil deili á skólastjóra.

Nokkrir gagnrýndu að skólastjóri ætti erfitt með að taka ákvarðanir. Honum hætti til að ýta málum á undan sér eða fresta ákvörðunum. Einnig var nefnt að hann væri of hægvirkur. Einnig var gagnrýnt að of mörg mál væru afgreidd með nefndarskipan; mál sem skólastjóri ætti að geta tekið af skarið með. Aðrir tóku ekki eins djúpt í árinna og töldu að skólastjóri "mætti vera meira afgerandi".

Gagnrýnt var að ákvörðunum væri oft ekki fylgt nægilega eftir eða að framkvæmd þeirra hefði dregist úr hófi. Dæmi voru nefnd um eineltisáætlun sem ekki hefði komist til framkvæmda ("hefur ekki verið fylgt eftir"), aðgerðir í agamálum (punktakerfi), hugmyndir um hlutverk umsjónarkennara sem samþykktar hefðu verið en ekki komist í framkvæmd og samþykktir um hvernig taka skyldi á móti nýjum kennurum og nemendum. Einnig kom fram það sjónarmið að ekki væri hægt að skella allri sök í þessum efnum á skólastjórn. Starfsmenn þyrftu einnig að líta í eigin barm. Þá var

nefnt að stundatöflugerð væri seint á ferðinni og að seint gengi að ganga frá skipulagi valgreina.

Í viðtölum kom fram talsverð óánægja með undirbúning, skipulag og framkvæmd kennarafunda. Gagnrýnt var að dagskrá fundanna kæmi of seint (stundum ekki fyrr en samdægurs og stundum í fundarbyrjun) og að fundunum væri ekki stjórnað.

... teygjast og engin niðurstaða ... eða engin ákvörðun tekin ... alltaf sett í nefnd ... þeir verða svo ómarkvissir ... of mikið spjall ... alltaf verið að tala um það sama ... (Úr viðtölum).

Það sjónarmið kom fram að ekki væri við skólastjóra einan að sakast um þetta. Hér bæru fleiri ábyrgð. Nefnt var að til greina kæmi að skipa annan fundarstjóra en skólastjóra.

Í spurningalista fyrir starfsfólk var spurt um afstöðu til þess hvernig staðið væri að ákvörðunum um skólastarfið og voru 13 (59%) af þeim 22 sem svöruðu ánægðir með það, 7 (32%) lýstu sig hlutlausa en 2 (9%) voru fremur óánægðir. Nítján svöruðu spurningu um starf kennararáðs og töldu 12 (63%) það í góðu lagi en 6 (32%) að það væri viðunandi. Einn (5%) taldi það ófullnægjandi. Þá var spurt hvort kennarar væru hafðir nægilega mikið með í ráðum um stjórnun skólans og töldu 10 (67%) af þeim 15 sem svöruðu að svo væri en 5 (33%) töldu svo ekki vera.

Í spurningalista var spurt um frammistöðu stjórnenda í agamálum og taldi 1 (4%) af þeim 27 starfsmönnum sem afstöðu tóku að þeir tækju mjög vel á þeim, 9 (33%) töldu þá gera það vel, 7 (26%) viðunandi og 10 (37%) að þeir gerðu það ekki nógu vel.

Ekki voru allir á einu máli um þessa gagnrýni og í viðtölum kom fram að sumir töldu að hún ætti að hluta til rætur að rekja til þess að væntingar til nýs skólastjóra hefðu verið of miklar og óraunhæfar að þessu leyti.

Nokkuð virðist vanta á að starfslið fái næga hvatningu. Í spurningalista var starfslið spurt hvort því þætti skólastjóri veita sér hvatningu í starfi. 8 (29,6%) af þeim 27 sem svöruðu töldu hann veita mikla hvatningu, 10 (37%) talsverða, 8 (29,6%) töldu sig fá litla hvatningu og 1 (3,7%) enga.

Talsverð óánægja er með það innan skólans að boðleiðir séu ekki skýrar og upplýsingastreymi áfátt. Í spurningalista var beðið um álit á upplýsingastreymi innan skólans og taldi 1 (4,3%) af þeim 23 starfsmönnum sem afstöðu tóku að það væri mjög gott, 6 (26,1%) töldu það nokkuð gott, 6 (26,1%) viðunandi og 10 (43,5%) töldu það fremur slæmt.

Þrátt fyrir talsverða gagnrýni á störf skólastjóra voru flestir þeirrar skoðunar að skólastjóri ætti að hafa alla burði til að bæta úr því sem ábótavant væri og lýstu sig reiðubúna til að leggja þar af mörkum. Þá höfðu nokkrir á orði að hörð gagnrýni á skólastjóra væri ósanngjörn. Sumum starfsmönnum hætti til að einblína um of á það sem aflaga færi og væru of neikvæðir. Áréttað skal að viðhorf þeirra foreldra sem rætt var við var mjög jákvætt.

Viðhorf til aðstoðarskólastjóra voru mjög jákvæð. Flestir starfsmenn hrósuðu samskiptum við hann og töldu sumir störf hans óaðfinnanleg. Í spurningalista var spurt hvernig aðstoðarskólastjóri fylgdist með daglegu starfi og töldu 27 (96%) af starfslíðinu hann gera það mjög eða nokkuð vel en 1 (14%) taldi að hann fylgdist lítið með. 24 (92%) starfsmenn lýstu þeirri skoðun sinni að þægilegt væri að leita til aðstoðarskólastjóra með erindi, 1 (4%) taldi það viðunandi og 1 (4%) að á það hefði ekki reynt.

Í viðtölum við fulltrúa nemenda kom fram mjög jákvæð afstaða til aðstoðarskólastjóra.

Skrifstofa

Ritari á skrifstofu er í 90% starfi. Samdóma álit allra var að hann leysti starf sitt afar vel af hendi. Nemendur lýstu í viðtölum einnig yfir ánægju með samskipti við ritara.

Gangavarsla og húsvarsla

Viðmælendur töldu að gangaverðir ynnu störf sín vel og sumir afar vel. Húsvörður hlaut einnig lof fyrir störf sín, ekki síst fyrir samskipti við nemendur.

... við erum með frábæran húsvörð ... held að þeir gerist ekki betri ... til fyrirmyndar hvernig hann tekur á málum við krakkana ... (Úr viðtali).

Nokkrir, bæði kennarar og aðrir starfsmenn, lýstu þeirri skoðun sinni að fjölga þyrfti gangavörðum, einkum seinni hluta dags.

Nemendur, einkum í 9. og 10. bekk, lýstu í viðtölum jákvæðum viðhorfum til þessara starfsmanna og fengu nokkrir þeirra mjög góða umsögn. Í spurningalista voru nemendur beðnir um að leggja mat á viðmót þessara starfsmanna og töldu 18,1% það mjög gott, 30,3% nokkuð gott, 37,2% sæmilegt, 9% nokkuð slæmt og 5,3% mjög slæmt.

Mötuneyti

Mötuneyti er í skólanum þar sem nemendur geta keypt sér heitan mat, samlokur o.fl. Nemendur í 10. bekk aðstoða í eldhúsinu og þiggja laun fyrir sem renna í ferðasjóð þeirra.

Í spurningalista gáfu 85,4% nemenda jákvæð svör um mötuneyti, 13,6% töldu það sæmilegt en aðeins 1,1% að það væri slæmt. Í könnun meðal foreldra lýstu 88,8% foreldra jákvæðum viðhorfum til mötuneytisins, 8,3% höfðu ekki skoðun en 3% kváðust fremur ósátt.

Skýrsluhöfundur telur að frammistaða starfsmanns í mötuneyti sé framúrskarandi.

Sú hugmynd kom fram í viðtali að gefa nemendum kost á að kaupa sér morgunverð í skólanum. Þau rök voru færð fyrir því að margir nemendur kæmu í skólann án þess að hafa neytt morgunverðar.

Félagsstarf nemenda

Samdóma álit foreldra og nemenda var að félagsstarf skólans væri mjög gott, einkum voru viðhorf foreldra jákvæð. Í könnun meðal þeirra lýsti 83,4% foreldra jákvæðum viðhorfum. 63,5% nemenda lýstu jákvæðum viðhorfum í könnun, 25,9% töldu félagsstarfið sæmilegt, en 10,6% töldu það slæmt. Í viðtölum við starfslið var umsjónarmanni félagsstarfsins hrósað fyrir mjög góða frammistöðu.

Stuðningur sveitarfélagsins

Þegar starfslið skólans var í spurningalista beðið um mat á stuðningi sveitarfélagsing við skólastarfið á heildina litið töldu 2 (7%) af 25 sem svöruðu að hann væri í mjög góðu lagi, 10 (37%) töldu hann í lagi, 11 (41%) að hann væri viðunandi og 4 (15%) að hann væri ófullnægjandi. Enginn valdi svarið algerlega ófullnægjandi.

Hér á Seltjarnarnesi er búið mjög vel að skólunum og ég hef hvergi kynnst því að það sé látið svona mikill peningur í skólann og ráðið svona mikið af fólki og bara gert svona vel. (Úr viðtali).

Foreldrar voru í spurningalista beðnir að leggja mat á stuðning sveitarfélagsins við skólann. 10,3% töldu frammistöðu sveitarfélagsins mjög góða, 52,1% töldu hana nokkuð góða, 24,8% tóku ekki afstöðu, 10,3% töldu hana ófullnægjandi og 1,8% algerlega ófullnægjandi.

Athuganir á gögnum frá skólanefnd (ályktunum og greinargerðum) benda til þess að skólanefnd leggi sig fram um að styðja við skólastarfið.

Í viðræðum við kennara kom fram nokkur tortryggni í garð skólanefndar og sú skoðun að nefndin væri oft að fjalla um mál sem skólastjóra og kennararáði bæri að leysa. Þessari tortryggni þarf að eyða og skapa sameiginlegan skilning á hlutverki nefndarinnar.

Í viðræðum við skólastjórnendur kom fram ánægja með samstarf við grunnskólafulltrúa.

Samstarf skólanna á Seltjarnarnesi

Samstarf grunnskólanna á Seltjarnarnesi er lítið. Helst er að nefna svokallaða skilafundi þar sem fulltrúar Mýrarhúsaskóla veita upplýsingar um þá nemendur sem Valhúsaskóli er að taka við. Á undanförunum árum hefur nokkrum sinnum verið efnt til sameiginlegra námskeiða fyrir starfslið skólanna. Þá hafa sérkennarar skólanna vikulegt samráð. Einnig má nefna að sami námsráðgjafi starfar við báða skólana. Loks fer fram samstarf á vettvangi skólanefndar þar sem stjórnendur og fulltrúar beggja skólanna taka þátt.

Mér finnst að það þyrfti að vera miklu meira samstarf á milli kennara ... til þess að það verði meiri samfella í náminu ... (Úr viðtali).

Ýmis mál

Í viðtölum lýstu íþróttakennarar áhyggjum vegna fyrirhugaðs niðurskurðar á sundkennslu.

Í viðræðum við nokkra starfsmenn skólans kom fram að launakjör þeirra eru með þeim hætti að þeir þurfa að fara á atvinnuleysisbætur á sumrin. Þessi skipan hlýtur að teljast verulegt álitamál. Áriðandi er að virðing sé borin fyrir störfum þessara starfsmanna í skólanum og að þau séu eftirsóknarverð.

Kvartað var yfir því að ekki væri nægilega vel séð um forfallakennslu. Þá lýstu nemendur óánægju með forfallakennsluna eins og hún hefur verið leyst af hendi.

Sterkar hliðar í starfi Valhúsaskóla

Almenn atriði

- Þegar á heildina er litið hefur Valhúsaskóli á að skipa mjög hæfu starfsliði. Gildir það bæði um kennara og aðra starfsmenn.
- Meirihluti foreldra, nemenda og starfsmanna telur skólann góðan.

Kennsla

- Kennsla í mörgum greinum er faglega sterk. Má nefna íþróttir, dönsku, íslensku, myndmennt og að hluta til stærðfræði.
- Árangur nemenda á samræmdum prófum í 10. bekk hefur verið ágætur og sérstaklega góður í íslensku.
- Nemendur bera yfirleitt virðingu fyrir flestum kennurum sínum og meta þá mikils.
- Viðhorf foreldra og nemenda til umsjónarkennara eru mjög jákvæð.
- Ágæt sátt er meðal kennara og foreldra um fyrirkomulag prófa og annars námsmats.

Agi og skólabragur

- Í samanburði við aðra skóla er agi og bragur í Valhúsaskóla ágætur.

Samstarf heimila og skóla

- Ágæt sátt er um foreldrasamstarf sem hefur verið að aukast og eflast á undanförunum árum.

Starfsandi

- Meirihluti starfsliðs telur starfsanda innan skólans mjög góðan.

Aðstaða

- Skólinn er um margt vel búinn kennslutækjum.
- Skólinn státar af rúmgóðu og vel reknu skólasafni.
- Flestir kennarar eru sáttir við vinnuaðstöðu sína.

Stjórnun

- Faglegur áhugi og metnaður stjórnenda skólans er mikill.
- Starfslið er ánægt með samskipti við stjórnendur.
- Fulltrúar foreldra í foreldraráði og stjórn foreldrafélags telja sig hafa átt mjög gott samstarf við skólastjórnendur.
- Aðstoðarskólastjóri þykir leysa viðfangsefni sín sérstaklega vel.

Sérfræðipjónusta

- Vel er staðið að námsráðgjöf og starfsfræðslu.

Önnur atriði

- Félagslíf skólans er öflugt og vel að því staðið.
- Rekstur mótuneytis er til sérstakrar fyrirmyndar og viðhorf til þeirrar starfsemi afar jákvæð.
- Mikil ánægja er með störf húsvarðar.
- Gangavörðum er hrósað fyrir góða vinnu við erfiðar aðstæður.
- Þjónusta ritara skólans þykir til mikillar fyrirmyndar.
- Ánægja er með störf hjúkrunarfræðings.
- Vel er tekið á móti nýjum kennurum.

Atriði sem þarfnast athugunar og tillögur til úrbóta

Kennsla

- Auka þarf fjölbreytni í kennsluháttum, einkum kennsluaðferðum sem líklegar eru til að auka virka þátttöku nemenda.
- Efla þarf samstarf kennara þvert á greinar.
- Kennarar telja að of lítil tími gefist til að sinna starfi umsjónarkennara. Margir umsjónarkennarar kenna lítið í þeim bekkjardeildum sem þeir hafa umsjón með. Áriðandi er að styrkja umsjónarkennara í starfi. Æskilegt er að þeir kenni að lágmarki fimm til sex kennslustundir í bekkjum sínum.
- Styrkja þarf stöðu list- og verkgreina innan skólans og bæta aðstöðu þeirra greina, einkum sauma og smíða. Þá þarf að bæta aðstöðu til að kenna bóklega þætti í heimilisfræði.
- Gera þarf átak í því skyni að nýta tölvu- og upplýsingatækni markvisst í kennslu í skólanum.
- Tónmennt er ekki kennd í skólanum og söngur og tónlist þarf að skipa þar mun stærri sess en nú er.
- Stuttar frímínútur hafa mjög truflandi áhrif á kennslu og skólabrag. Mælt er með því að frímínútur verði helst ekki styttri en 10 mínútur.

- Leita þarf leiða til að nýta þá sérstöðu skólans að hafa aðgang að góðri aðstöðu til stjórnumskoðunar.

Nemendur

- Nokkuð virðist skorta á námsáhuga. Einkum eru drengir áhugalitlir um námið. Viðhorf nemenda til nokkurra námsgreina eru of neikvæð.
- Niðurstöður benda til þess að kennarar mættu oft hrósa nemendum sem standa sig vel í náminu.
- Meirihluti starfslíðs telur að ekki takist nægilega vel að koma til móts við nemendur með mikla námshæfileika.
- Nokkur hópur nemenda er starfsmönnum mjög erfiður. Þessi hópur er ekki stór en engu að síður brýnt að ákveðið verði tekið á vanda hans.

Starfsandi

- Leita þarf leiða til að skapa sterkari liðsheild innan skólans.

Stjórnun

- Ekki er nægileg ánægja með nokkur atriði í störfum skólastjóra. Lagt er til að skólastjóri beiti sér markvissar sem stjórnandi en verið hefur. Betur þarf að fylgja eftir ákvörðunum. Skólastjóri þarf að vera sýnilegur í daglegu starfi. Mælt er með því að hann myndi markviss tengsl við nemendur.
- Ekki er nægileg sátt um undirbúning og framkvæmd kennarafunda. Mælt er með því að kennarafundum verði fækkað um helming (m.a. til að skapa svigrúm til aukins samstarfs kennara), þeir verði undirbúnir með góðum fyrirvara og fundarsköp notuð við framkvæmd þeirra.
- Áriðandi er að starfsfólk og nemendur fái nauðsynlega hvatningu í starfi.
- Fara þarf í saumana á þeirri gagnrýni starfsfólks að boðleiðir séu ógreiðar og leita leiða til lausna.

Sérkennsla og ráðgjafarþjónusta

- Ágreiningur er um framkvæmd sérkennslu við skólann. Þann ágreining þarf að leysa og skapa samstöðu um áherslur.
- Óánægja er með þjónustu sálfræðings og brýnt að hann og starfslíðið fari vel yfir þau mál. Starfssvið sálfræðings þarf að skýra mun betur.
- Huga þarf að gagnrýni kennara á störf nemendaverndarráðs.

Aðstaða og umhverfi

- Koma þarf upp vel búinni raungrainastofu við skólann.
- Áriðandi er að hraðað verði endurnýjun húsgagna í kennslustofum.
- Áherslu þarf að leggja á að fegra skólann og gera hann hlýlegri. Einkum er mikilvægt að breyta umhverfi í almennum skólastofum til hins betra.
- Búnaður á skólasafni þarfnast endurnýjunar.
- Skapa þarf viðunandi aðstöðu til tölvukennslu.
- Koma þarf upp aðstöðu til trúnaðarsamtala.
- Bæta þarf salernisaðstöðu kennara.

Samstarf heimila og skóla

- Legga þarf áherslu á að kynna skólastarfið vel fyrir foreldrum. Nefna má kynningar í bæjarblaði, sýningar, fréttabréf og önnur kynningargögn.
- Æskilegt er að skólinn komi sér sem fyrst upp aðgengilegri heimasíðu á Netinu.
- Enda þótt sátt sé í skólanum um samstarf við foreldra er ástæða til að efla það enn frekar.

Önnur atriði

- Huga þarf að vísbindingum um einelti og gera ráðstafanir til að eyða því. Betur þarf að huga að forvörnum í þeim efnum.
- Efla þarf gæslu á göngum skólans seinni hluta dags.
- Lagt er til að skoðað verði hvort ástæða sé til að auka samstarf skólanna á Seltjarnarnesi til muna.
- Efla þarf traust milli starfsfólks skólans og skólanefndar.
- Kannað verði hvort heppilegt sé að sameina skólana á Seltjarnarnesi undir eina stjórn.

Umræða

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á þeim skólum sem ná bestum árangri eins og hann mælist með prófum. Einnig hafa verið gerðar rannsóknir á skólum þar sem starfsandi þykir hvað bestur. Þessar rannsóknir leiða í ljós ákveðin sameiginleg einkenni skólanna. Eftirfarandi atriði eru oftast nefnd:

- Sterk fagleg forysta skólastjórnenda, stuðningur og hvatning
- Stöðugleiki í kennaraliði
- Öflugt faglegt samstarf kennara, áhersla lögð á þróunarstarf og símenntun
- Árangursmiðaðar námskröfur, áhersla lögð á iðni og ástundun
- Stuðningur skólayfirvalda
- Samhugur, samkennd og gagnkvæmur stuðningur meðal starfslíðs
- Öflugt foreldrasamstarf
- Gott skipulag og agi.

Sé þessi listi mátaður við þær niðurstöður sem fengist hafa í þessari matsrannsókn kemur í ljós að á nokkrum sviðum stendur Valhúsaskóli vel, en önnur atriði eru veikari.

Sterk fagleg forysta skólastjórnenda, stuðningur og hvatning

Enda þótt vissulega megi halda því fram að faglegur áhugi skólastjórnenda í Valhúsaskóla sé verulegur vantar talsvert á að unnt sé að tala um að fagleg forysta þeirra sé sterk. Mestu ræður að ekki er nægileg sátt um ýmsa þætti í starfi skólastjóra. Á þessu þarf að verða breyting. Eindregið er lagt til að skólastjóri beiti sér með ákveðnari hætti í skólastarfinu, taki oft af skarið með mál og hafi forgöngu um að sameiginlegum ákvörðunum sé fylgt betur eftir. Þá er áriðandi að undirbúa

kennarafundi betur og standa betur að framkvæmd þeirra. Dagskrár þurfa að liggja fyrir tímanlega og eðlilegt er að stuðst sé við fundarsköp á fundum.

Þá verður að huga að óánægju vegna ógreiðra boðleiða og finna leiðir til lausnar. Þegar hafa verið nefndir stuttir fundir í hádegi þar sem tilkynningum væri komið á framfæri.

Mælt er með því að skólastjóri hugi mjög ákveðið að þeirri gagnrýni sem hann hefur fengið um að hann væri ekki nógu sýnilegur. Í unglingskóla reynir tvímælaust mikið á agavald skólastjóra. Til þess að byggja það upp þarf skólastjóri að vera í tengslum við nemendur. Ekki er hægt að ætlast til þess að nemendur beri virðingu fyrir starfsmanni sem þeir ekki þekkja. Bein tengsl skólastjóra við nemendur eru forsenda þess að hann geti beitt sér gagnvart þeim þegar á þarf að halda, t.d. vegna agavandamála sem upp koma. Skólastjóri verður því að vera í meiri og beinni tengslum við nemendur en hann hefur verið til þessa. Þessu markmiði má ná með ýmsum hætti. Nefna má heimsóknir í kennslustundir. Þá má nýta svokallaða umsjónartíma sem kennarar hafa með bekkjardeildum sínum. Skólastjóri gæti t.d. heimsótt hverja bekkjardeild í umsjónartíma einu sinni á misseri. Á þessu þarf að vera föst regla. Þá má efna reglulega til funda eða samkoma með nemendum á sal (í Miðgarði). Til greina kemur að hafa t.d. einu sinni í mánuði samkomu þar sem skólastjóri ræðir við nemendur, gestir flytja ávörp, nemendur kynna niðurstöður verkefna sinna og viðurkenningar eru veittar. Einnig má nefna dagskrár í formi tónlistar-, leiklistar- eða ljóðaflutnings. Þess má geta að þessar hugmyndir bar á góma í viðtölum við nemendur að þeirra frumkvæði.

Stöðugleiki í kennaraliði

Enda þótt stöðugleiki í kennaraliði sé ótvíræður kostur verður að segjast að mátuleg endurnýjun er einnig nokkurs virði. Ekki verður annað séð en að þessu leyti standi Valhúsaskóli ágætlega. Engu að síður ætti að leita leiða til að styrkja kjarna kennaraliðsins. Nefna má bættu starfsaðstöðu, endurmenntunartilboð (námskeið, fræðslufundir, náms- og kynnisferðir), stuðning við þróunarverkefni og ekki síst markvissa hvatningu, t.d. með því að vekja athygli á því sem vel er gert. Gætu skólastjórar, skólanefnd og fræðslufirvöld í sveitarfélaginu lagt þar af mörkum.

Öflugt faglegt samstarf kennara, áhersla á þróunarstarf og símenntun

Í Valhúsaskóla eru vissulega dæmi um mjög öflugt, faglegt samstarf kennara, einkum í tengslum við ákveðnar námsgreinar (íslensku, íþróttir). Á hinn bóginn er samstarf kennara þvert á námsgreinar næsta lítið. Og enda þótt rúmlega helmingur kennara hafi tekið þátt í þróunarstarfi er langur vegur frá því að unnt sé að lýsa Valhúsaskóla sem þróunarskóla. Vilji starfslið að skólinn komist í fremstu röð þarf að verða veruleg breyting í þessum efnum. Til þess hefur starfslið skólans alla burði og áhugi er á því innan skólanefndar að veita slíkum verkefnum stuðning og brautargengi.

Kennsluhættir í Valhúsaskóla bera talsverðan keim af því að verið er að búa nemendur vel undir framhaldsskólanám, einkum bóknám. Þó það teljist jákvætt má það ekki bitna á list- og verkgreinum. Að íþróttum undanskildum, virðast list- og verkgreinar skipa lægri sess innan skólans en bóknámið. Segja má að aðstaða til kennslu þessara greina endurspegli ástandið. Viðhorf nemenda skýra þetta einnig. Þeir sem ná bestum

Árangri í bóknámi eru jákvæðir í garð skólans. Þeir sem minni áhuga hafa á bóknámi eru haldnir talsverðum skólaleiða. Ójákvæmilegt er að líta hér sérstaklega til neikvæðra viðhorfa drengja og leita leiða til að vekja meiri áhuga þeirra á námi. Þó athygli sé vakin á þessu hér er rétt að taka skýrt fram að Valhúsaskóli hefur að þessu leyti enga áberandi sérstöðu. Viðhorf drengja til skólans, einkum unglingspíla, hafa í könnunum Rannsóknarstofnunar ítrekað mælst mun neikvæðari en stúlkna.

Áriðandi er að skólinn noti það svigrúm sem fæst með aukinni áherslu á valgreinar í 9. og 10. bekk til að koma betur til móts við þann hóp nemenda sem ekki fær viðfangsefni við hæfi. Þá má benda á að aukið val í neðri bekkjum skólans gæti verið áhugavert þróunarverkefni.

Eindregið er mælt með aukinni fjölbreytni í kennsluáðferðum í bóknámsgreinum. Í því sambandi skal vísað til þeirra atriða sem fram koma í kaflanum um kennsluhætti hér að framan. Einkum skal bent á virk vinnubrögð (tjáningu, umræður, sjálfstæð verkefni, hópvinna, heimildavinnu, þrautalausnir, skapandi starf, vettvangsferðir, safnferðir og tilraunir).

Hér að ofan var vikið að mikilvægi þess að kennarar skólans beittu sér fyrir formlegum þróunarverkefnum. Nefna má að fyrirhuguð stofnun fræða- og náttúrufræðiseturs í Gróttu skapar tækifæri til átaks á sviði náttúrufræðikennslu, umhverfismenntar og útikennslu. Stórt og vel búið skólasafn skapar einnig möguleika á margháttuðum verkefnum og kæmi vel til greina að tengja þau tölvu- og upplýsingatækni. Þá má nefna ýmsa möguleika á samvinnu bóknáms-, list- og verkgreinakennara.

Forgangsverkefni er að auka þann tíma sem kennarar hafa til formlegs samstarfs. Ýmsar leiðir koma til greina til að ná því markmiði. Sem dæmi má nefna að fækka kennarafundum, t.d. niður í einn á mánuði að jafnaði. Þann tíma sem þannig fæst má nota til þess að auka samstarf kennara, t.d. samráð um skólanámskrá, þróunarverkefni, áherslur í skólastarfinu, skólareglur og önnur fagleg úrlausnarefni. Áriðandi er að kennararáð fundi ekki á sama tíma og ætlaður er til faglegs samráðs kennara. Benda má á að víða í skólum er efnt til stuttra funda, t.d. nálægt hádegi, sem einvörðungu eru notaðir til að miðla upplýsingum. Einnig má nota tölvupóst fyrir einfaldar tilkynningar. Loks hlýtur að þurfa að gefa gaum að bundinni viðveru.

Að endingu skal bent á fjölmarga möguleika sem skapast við flutning sjöunda bekkjar yfir í Valhúsaskóla. Þau tímamót skapa tækifæri til að endurmeta aðferðir og áherslur. Bent skal á nauðsyn þess að endurskoða námskrá skólans (Námsvísi) í ljósi ákvæða nýrrar aðalnámskrár. Mikið starf er framundan eigi að koma vel til móts við þær áherslur sem þar eru boðaðar. Nægir að benda á tölvu- og upplýsingatækni, tæknimennt og lífsleikni.

Þá skal rifjað upp að starfsliðið þarf að fara í saumana á sérkennslunni í skólanum og koma sér saman um markmið, áherslur og aðferðir.

Árangursmiðaðar námskröfur, áhersla lögð á iðni og ástundun

Í þessum efnum stendur skólinn að mörgu leyti vel. Nefna má miklar námskröfur í íslensku, íþróttum, dönsku og stærðfræði. Í nokkrum námsgreinum virðast kröfur

minni og eru heimilisfræði, smíðar og enska dæmi um námsgreinar þar sem auka má kröfur. Þá eru þess fáein dæmi að slegið sé slöku við með alvarlegum hætti. Óþolandi er t.d. að nemendur geti reiknað með því að geta notað allan kennslutímann í tiltekinni námsgrein til að ljúka heimavinnu í öðrum greinum. Þá tekur skýrsluhöfundur mark á þeim nemendum sem segja að dæmi séu um kennara sem ekki haldi nemendum að viðfangsefni kennslustundarinnar, heldur leyfi þeim nánast að ráða því hvort þeir fylgjast með eða ekki. Þetta eru undantekningar sem skólastjórn hefur verið gerð grein fyrir.

Stuðningur skólayfirvalda

Í þessu efni virðast bæði vera dæmi um mjög jákvæða þætti og neikvæða. Eins og nefnt hefur verið í þessari skýrslu hefur talsvert vantað á viðhald og endurnýjun tækjabúnaðar. Í nokkrum tilvikum hefur einnig á það skort að nemendum og kennurum hafi verið tryggðar nægilega góðar aðstæður til kennslu. Í þessu sambandi mætti nefna aðstöðu til smíða- og saumakennslu sem lengi hefur verið ófullnægjandi. Hið sama gildir um tölvukennslu. Verulegar úrbætur virðast framundan í þessum efnum sem er vel. Þá ber einnig að fagna áætlunum um að hraða eigi endurnýjun búnaðar í skólastofum og á skólasafni.

Sem dæmi um jákvæð atriði má nefna vinnuástöðu kennara og stuðning sveitarfélagsins við þróunarverkefni.

Samhugur, samkennd og gagnkvæmur stuðningur meðal starfslíðs

Eins og fram hefur komið í þessari skýrslu vantar talsvert á að nægilegur samhugur ríki meðal starfslíðs þegar litið er til alls hópsins. Ákveðnir hópar ná ágætlega saman en talsvert vantar á að unnt sé að tala um starfslíðið allt sem eina liðsheild. Brýnt er að starfslíðið ræði þessi mál af hreinskilni og leiti leiða til úrbóta. Hér kann utanaðkomandi ráðgjöf að koma að notum.

Öflugt foreldrasamstarf

Starfslíð skólans var sammála um að samstarf heimila og skóla hefði verið að aukast og eflast á undanförunum árum. Sú þróun þarf að halda áfram því þó vel sé af stað farið er mikið óunnið. Í þessu sambandi má nefna að enda þótt viðhorf foreldra til skólans séu í heild nokkuð jákvæð eru þau í samanburði við viðhorf foreldra í öðrum skólum einungis í meðallagi jákvæð. Hér eru því veruleg sóknarfæri sem starfslíð og foreldrar ættu að nýta sér. Reynslan sýnir að með auknu samstarfi breytast viðhorf.

Gott skipulag og agi

Í þeim efnum stendur Valhúsaskóli að sumu leyti vel, en annað þarf að bæta. Í skýrslunni hefur komið fram óánægja yfir að ekki sé tekið fastar á málum þeirra fáu nemenda sem ekki fylgja settum reglum. Eindregið er mælt með því að átak verði gert til að bæta úr þessu. Í þessu sambandi skipta aukin tengsl skólastjóra við nemendur miklu máli.

Í þessari skýrslu hefur verið vikið að þeim neikvæðu áhrifum sem stuttar frímínútur geta haft á skólabrag og starf. Mælt er með að því fyrirkomulagi verði breytt og stystu frímínútur lengdar.

Ofangreind umræða tók mið af niðurstöðum rannsókna á þeim skólum sem þykja ná bestum árangri, sem og af niðurstöðum á rannsóknum á stofnunum sem þykja búa við hvað bestan starfsanda. Við þennan lista má vafalítið bæta ýmsum atriðum og hlýtur aðstaða að koma upp í hugann þegar litið er til Valhúsaskóla. Ekki þarf að velkjast í vafa um það að góð starfsaðstaða leiðir til jákvæðra viðhorfa nemenda og starfsfólks. Úrbætur hvað varðar alla aðstöðu munu skila sér í betra skólastarfi.